

Árskýrsla Mannréttindaskrifstofu Íslands
Útgefandi: Mannréttindaskrifstofa Íslands

Prentun: Leturprent

© 2008 Mannréttindaskrifstofa Íslands

ISSN: 1670-8032

Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
AÐILDARFÉLÖG OG STJÓRN	3
Aðildarfélög og fulltrúar í stjórn	3
FJÁRMÁL OG REKSTUR	4
Fjármál	4
Húsnæðismál	4
Starfsmannamál og skrifstofuhald	4
Heimasíða og vefsetur um mannréttindi	4
Bókasafnið	4
STARFSEMIN INNANLANDS	5
Aðstoð og upplýsingagjöf	4
Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur	5
Ráðstefnur	6
Málstofur og fundir	7
Framlag MRSÍ til funda og ráðstefna	9
Mannréttindafræðsla	10
Auglýsingaherferð gegn mismunun	10
Fjölmíðlar og opinber umræða	11
Mannréttindakennsluefni	15
Samráðsfundir með stjórnvöldum	15
Ár jafna tækifæra	15
21. mars og Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti	15
Alþjóðadagur flóttamanna	16
16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi	22
Áskorun til stjórnvalda um aðgerðir gegn mansali	18
Utánríkisráðuneytið	18
Upplýsingagjöf til sendiráða	18
Fundur með taivönskum stjórnvöldum	18
Fundur með Yves Daccord frá Alþjóðaráði Rauða krossins	19
Móttökustöð hælisleitenda	19
Reykjavíkumaraþon	19
Styrkir til rannsókna	19
ERLENT SAMSTARF	8
Keep them Safe!	20
Lokaráðstefna Evrópuárs jafna tækifæra	21
NGO-Coalition for OP-ICESCR	21
Human Rights Education Project	21
AHRI - The Association of Human Rights Institutes	22
Sameinuðu þjóðirnar	23
Evrópuráðið	23
Norrænt samstarf	23
Evrópusambandið	25
Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu	25
Shafallah skólinn í Katar	25
Fréttabréf Lögmannafélags Bandaríkjanna	26

INNGANGUR

formanns og framkvæmdastjóra



Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) var stofnuð á Þingvöllum hinn 17. júní 1994, á fimmtíu ára afmæli íslenska lýðveldisins, samtímis því sem Alþingi Íslendinga ákvað að endurskoða mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Skrifstofan er í dag samtök fjórtán félagasamtaka og stofnana sem vinna á einhvern hátt að mannréttindum. Hún hefur engin tengsl við stjórnmalaflokka og tekur ekki afstöðu til einstakra mála nema þau snerti mannréttindi sérstaklega. Tilgangur MRSÍ er að vinna að framgangi mannréttinda með því að veita upplýsingar um mannréttindamál og stuðla að fræðslu og rannsóknum. Skrifstofan gegnir einnig eftirlitshlutverki gagnvart stjórnvöldum sem felst í umsögnum um lagafrumvörp og skýrslugerð fyrir eftirlitsnefndir S.þ. og Evrópuráðið. Þá kemur Mannréttindaskrifstofan fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi, m.a. AHRI, COST verkefni ESB, HREP-verkefninu með Friðarháskóla S.þ., samtökum mannréttindastofnana í Evrópu og í norrænu samstarfi.

Meginþættir starfs skrifstofunnar, fyrir utan hefðbundin verkefni á árinu, voru skipulagning tveggja alþjóðlegra ráðstefna um mannréttindasamninga S.þ.; annars vegar um samning um réttindi fólks með fötlun og hins vegar samningana tvo um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi. Að vanda var unninn fjöldi umsagna um lagafrumvörp, fyrirlestrahald var nokkuð, vinna við alþjóðlega fræðsluverkefnið Human Rights Education Project, vefleikinn Flótta og við ritröð var töluverð. Unnar voru tvær viðbótarskýrslur fyrir eftirlitsnefndir S.þ.; fyrir nefnd gegn pyntingum og nefnd um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Evrópuráðið fékk að vanda yfirlit yfir íslenska dóma og löggjöf er tengist mannréttindum. Áfram var unnið að uppbyggingu heimasíðu, vefseturs og bókasafnsins. Skipulagning 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi og Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti var vandasöm en hvort tveggja tókst afar vel. Eins og áður, fór mikill tími í umsóknir um styrki en það var mikið gleðiefni í lok árs þegar ljóst varð að stjórnvöld ætluðu skrifstofunni 10 milljónir króna á fjárlögum 2008. Þá er jafnframt ánægjulegt að MRSÍ er sýnilegri en oft áður og hefur stuðlað að því að töluvert var rætt um mannréttindi á opinberum vettvangi. Skrifstofan hefur einnig skapað sér virðingu og traust fjölmiðla því nær undantekningalaust er leitað til hennar þegar mannréttindi ber á góma. Fjárstuðningur opinberra- og einkaaðila hefur skipt sköpum því sífellt bætist í verkefnaflórana.

Ýmislegt markvert gerðist á árinu að því er mannréttindi snertir. Utanríkisráðherra kynnti stefnu Íslands í mannréttindamálum en af því tilefni birti MRSÍ yfirlýsingu þess efnis að hún væri reiðubúin að gegna formlega hlutverki þjóðbundinnar stofnunar. Almennum hegningarlögum var breytt til að styrkja kafla um kynferðisbrot, löggjöf um íslensku friðargæsluna var samþykkt og í kjölfar 16 daga átaks tilkynntu ráðherrar félags- og dómsmála gerð aðgerðaáætlunar gegn mansali. Þá var tekið á móti hópi kvótaflóttafólks og samþykkt var stefna um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi.

Mannréttindaskrifstofan hefur eflst og dafnað á tímabilinu og má það einkum þakka miklu og óeigingjörnu starfi framkvæmdastjóra skrifstofunnar, Guðrúnu D. Guðmundsdóttur og annars starfsfólks hennar, sem hefur nýtt þá fjármuni sem til ráðstöfunar hafa verið á skapandi og fjölbreyttan máta þar sem samvinna við félög og stofnanir sem vinna á einhvern hátt með mannréttindi hefur verið í öndvegi. Stjórn MRSÍ færir framkvæmdastjóra og öðrum þeim sem starfað hafa fyrir skrifstofuna á árinu sínar bestu þakkir fyrir einkar vel unnin störf.

MRSÍ leggur áherslu á að koma mannréttindasjónarmiðum sem víðast að, hvort heldur er innanlands eða utan og hefur reynsla udanfarinna ára sýnt mikilvægi þess. Heimildir ríkisvaldsins í fjölmörgum ríkjum, þar á meðal hérlendis, til eftirlits með borgurunum og inngripa í líf þeirra í skjóli baráttu gegn hryðjuverkum ættu að vera aðvörun til borgaranna um hversu auðvelt er að takmarka réttindi þeirra og skerða grundvallar mannréttindi, haldi fólk ekki vöku sinni.

Í uppgangspjóðfélagi eins og Ísland hefur verið er sú hætta ætíð fyrir hendi að þau grunnildir, sem endurspeglast í mannréttinda- og mannúðarlögum, gleymist eða lendi utan garðs um hríð. Því er engu síður mikilvægt að halda uppi sterkri mannréttindavitund á góðum tímum jafnt sem slæmum. Hugmyndir um virðingu fyrir manneskjum og mannlegri reisn mega aldrei víkja fyrir skammtíma fjárhagslegri velsæld sem getur á örskotsstundu snúist upp í andhverfu sína.

Það er von okkar að MRSÍ haldi áfram að vaxa og geti unnið að eflingu og vernd mannréttinda á sem víðtækustum grunni. Öflugt mannréttindastarf, sem byggir á mannhelgi og jafnrétti, er forsenda farsæls samfélags og öllum landsmönnum til hagsbóta.

Bynhildur G. Flóvenz, formaður stjórnar

Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri

AÐILDARFÉLÖG

og stjórn

Aðildarfélög og stjórn

Á aðalfundi Mannréttindaskrifstofu Íslands 2006 var Brynhildur G. Flóvenz aðalfulltrúi Íslandsdeildar Amnesty International kjörin formaður, Gestur Hrólfsson aðalfulltrúi Rauða kross Íslands, var endurkjörinn varaformaður og Vilborg Oddsdóttir var kjörin gjaldkeri. Framkvæmdastjórn skipa Brynhildur G. Flóvenz, formaður, Gestur Hrólfsson, varaformaður og Vilborg Oddsdóttir, gjaldkeri. Tilnefningar til stjórnar, endurskoðanda og kjörnefndar voru samþykktar samhljóða.

Í kjörnefnd voru kosin Gerður A. Árnadóttir, Jónas Þórisson og Sigursteinn Másson. Endurskoðandi skrifstofunnar var kjörin Einar Hafliði Einarsson hjá Deloitte & Touche.

Sérfræðingar stjórnar eru sem áður: Guðmundur Alfreðsson, Jakob Möller og Hjördís Hákonardóttir.

Aðildarfélög og fulltrúar í stjórn eftir aðalfund voru sem hér segir:

Amnesty International Íslandsdeild:

Aðalfulltrúi: Brynhildur G. Flóvenz

Varafulltrúi: Árni Múli Jónasson

Barnaheill:

Aðalfulltrúi: Inga Dagný Eydal

Varafulltrúi: Petrína Ásgeirsdóttir

Biskupsstofa:

Aðalfulltrúi: Arnþrúður S. Björnsdóttir

Varafulltrúi: Toshiki Toma

Háskólinn á Akureyri:

Aðalfulltrúi: Ágúst Þ. Árnason.

Varafulltrúi: Kristín Jónasdóttir

Hjálparstarf kirkjunnar:

Aðalfulltrúi: Vilborg Oddsdóttir

Varafulltrúi: Jónas Þórisson

Jafnréttisstofa:

Aðalfulltrúi: Margrét H. Sigurðardóttir

Varafulltrúi: Ótilnefndur

Kvenréttindafélag Íslands:

Aðalfulltrúi: Ragnhildur Guðmundsdóttir

Varafulltrúi: Anna G. Ólafsdóttir.

Rauði krossinn:

Aðalfulltrúi: Gestur Hrólfsson

Varafulltrúi: Kristján Sturluson

Samtökin '78:

Aðalfulltrúi: Hrafnkell Stefánsson

Varafulltrúi: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Unifem:

Aðalfulltrúi: Sjöfn Vilhelmsdóttir

Varafulltrúi: Guðrún Margrét Guðmundsdóttir

Landssamtökin Proskahjálp:

Aðalfulltrúi: Gerður A. Árnadóttir

Varafulltrúi: Friðrik Sigurðsson.

Öryrkjabandalag Íslands

Aðalfulltrúi: Sigursteinn Másson

Varafulltrúi: Hafdís Gísladóttir

FJÁRMÁL og rekstur

Fjármál

Framlag stjórnvalda lækkaði fyrir árið 2007 í 3.8 milljónir króna sem veittar voru úr Mannréttindasjóði dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Reykjavíkurborg styrkti starfsemina um eina milljón og Rauði kross Íslands um tvær milljónir. Sem fyrr var mikill akkur að stuðningi einkaaðila; Baugur Group styrkti skrifstofuna um fjórar milljónir, ferðastyrkir IcelandExpress voru gagnlegir og stuðningur annarra einkaaðila mikilvægur. Kann skrifstofan ofangreindum aðilum og fjölda annarra stofnana og einstaklinga ómældar þakkir fyrir stuðninginn.

Sem fyrr voru stjórnvöld hvött til að tryggja sjálfstæðan rekstur skrifstofunnar; það var því mikið fagnaðarefni að Alþingi samþykkti í lok árs að veita 10 milljónum króna á fjárlögum til starfseminnar.

Húsnæðismál

Mannréttindaskrifstofan hefur aðsetur í Hafnarstræti 20. Þar sem áformum um að rífa húsið hefur verið frestað mun skrifstofan hafa aðsetur þar um sinn.

Starfsmannamál og skrifstofuhald

Framkvæmdastjóri var áfram Guðrún D. Guðmundsdóttir og þakkar stjórnin henni einstaklega vel unnin störf. Sandra Lyngdorf, lögfræðingur var ráðin í fullt starf en Erna Sif Jónsdóttir og Elín Vigdís Guðmundsdóttir, laganemar, hafa unnið hlutastörf yfir sumarmánuðina. Edda Jónsdóttir meistaranemi í mannréttindum vann rannsókn á skrifstofunni á mannréttindum í íslenskri utanríkisstefnu, sem hluta af námi sínu við Bolognaháskóla. Mary E. Little, lögfræðingur, vinnur að HREP-verkefninu ásamt laganemum við Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna. Um bókhald skrifstofunnar sér Kolbrún Sigríður Hilmarsdóttir, bókarí.

Að vanda hefur fjöldi fyrirspurna borist um möguleika á starfsþjálfun en ætlunin er að taka á móti áströlskum og frönskum laganemum á næsta tímabili.

Heimasíða og vefsetur um mannréttindi

Til að auðvelda aðgengi að upplýsingum um mannréttindamál hefur um nokkurt skeið verið unnið að endurbótum á heimasíðu skrifstofunnar og söfnun gagna í umfangsmikinn gagnvirkan gagnagrunn um mannréttindamál á Íslandi og erlendis. Glæsileg heimasíða skrifstofunnar er sífellt að stækka í sniðum en þar er að finna vefsetur um mannréttindi sem inniheldur m.a.: a) greinar um ýmsa þætti mannréttinda, b) greinar um ákveðna hópa og réttindi þeirra s.s. konur, börn, hælisleitendur og samkynhneigða, c) skýrslur nefnda ráðuneyta og þings, d) innlend lög og helstu alþjóðasamninga, e) efni frá Sameinuðu þjóðunum, f) dóma alþjóðlegra mannréttindadómstóla o.fl. Þá er að finna á síðunni efni úr alþjóðlega rannsóknarverkefninu *Human Rights Education Project* auk almennra upplýsinga um mannréttindi á Íslandi. Enn er unnið að vefsetri um mannréttindi, *Mannréttindi og Ísland*, sem styrkt var af Reykjavíkureild Rauða krossins en það er komið vel á veg.

Á heimasíðunni er einnig að finna tengla á upplýsingasíður skrifstofunnar um *Keep them safe*-átakið sem hvetur til umbóta á hælisstefnu Norðurlanda, *16 daga átak gegn kynbundu odbeldi og Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti*.

Bókasafnið

Frá stofnun Mannréttindaskrifstofunnar hefur verið unnið að uppbyggingu sérhæfðs bókasafns með fræðibókum, kennslufni og tímaritum um mannréttindamál. Ekkert annað slíkt bókasafn er til á Íslandi en mikið er leitað til skrifstofunnar af sérfræðingum, nemum, kennurum og almenningi. Á tímabilinu hefur nokkur fjöldi rita bæst í safnið en einnig er skrifstofan áskrifandi að *Human Rights Quarterly* og greinasöfnunum *Hein-on-Line* og *Questia*.

STARFSEMIN

innanlands

Aðstoð og upplýsingagjöf

Að vanda var mikið leitað til skrifstofunnar af einstaklingum, nemum og stofnunum um upplýsingar um mannréttindamál. Starfsfólk hefur aðstoðað eftir fönfum en æskilegt væri að ráða lögræðing í fullt starf til að leiðbeina fólki sem leitar upplýsinga um rétt sinn.

Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

Á tímabilinu hefur talsverð vinna verið lögð í umsagnir um lagafrumvörp enda hafa mörg frumvörp verið lögð fram þar sem mannréttindareglur koma til álita. Því miður kemur það fyrir að fjöldi frumvarpa berst á sama tíma, með stuttum umsagnarfresti, svo ekki gefst nægur tími til að gera ítarlegar umsagnir. Fulltrúar skrifstofunnar sátu fundi með fjölda þingnefnda til að fjalla um hin ýmsu mannréttindamál. Á árinu voru helstar eftirfarandi umsagnir:

- Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, og lögum um atvinnuréttindi

útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum (fórnarlambavernd).

- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, með síðari breytingum, 464. mál, próf í íslensku o.fl. 2007.
- Umsögn um frumvarp til laga um Íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu, 443. mál, heildarlög.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, 133. löggjafarþing 2006-2007, þskj. 80-80. mál.
- Umsögn um tillögu til frumvarps til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem kynnt var á vef félagsmálaráðuneytis.

Umsagnirnar hafa ekki verið sendar fjölmiðlum eins og mörg önnur samtök hafa gert í vaxandi mæli en þetta mætti endurskoða þegar um veigamiklar umsagnir er að ræða.



Mannréttindaskrifstofan gerði umsagnir um fjölda lagafrumvarpa á árinu og átti fundi með þingnefndum til þess að fylgja umsögnunum eftir.

Ráðstefnur

Mannréttindaskrifstofan stóð að tveimur stórum alþjóðlegum ráðstefnum á árinu, annars vegar um mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna í apríl í Norræna húsinu og hins vegar um hinn nýja samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun í september.

Alþjóðleg ráðstefna um mannréttindi fólks með fötlun
Dagana 27.-28. september 2007 stóð Mannréttindaskrifstofan að alþjóðlegri ráðstefnu um mannréttindi fólks með fötlun í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Proskahjálp. Ráðstefnan var hluti af Evrópuári jafna tækifæra 2007 og var því styrkt af félagsmálaráðuneyti og ESB. Ráðstefnan fór fram í hátíðarsal Háskólans í Reykjavík. Markmið ráðstefnunnar, sem bar yfirskriftina *The Human Rights of Persons with Disabilities - from Social Policy to Equal Rights*, var að auka þekkingu og meðvitund á sviði réttinda fólks með fötlun, að fjalla um samspil evrópskra réttarreglna og hins nýja mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun og að greina þarfir fyrir réttarbætur á sviðinu.

Heimsþekktir sérfræðingar á sviði þjóðaréttar og fötlunarfræði fluttu erindi á ráðstefnunni. Fyrirlesarar voru: Gerard Quinn, prófessor við Háskólann í Galway, Írlandi, Michael Stein, prófessor við Harvard háskóla og William & Mary háskóla, Ida Elisabeth Koch, Ph. D, sérfræðingur hjá Mannréttindastofnun Danmerkur, Patricia Bregman, mannréttindalögmaður og ráðgjafi frá Kanada, Lisa Waddington, prófessor við Háskólann í Maastricht, Davíð Þór

Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu og prófessor við Háskólann í Reykjavík, Colm O'Conneide, meðlimur í sérfræðinganevnd Félagsmálasáttmála Evrópu og lektor við Lundúnaháskóla, Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík, Holger Kallehauge, meðlimur í nefnd um gerð samnings S.þ. um mannréttindi fólks með fötlun og fyrrum landsréttardómari í Danmörku, Ragnhildur Helgadóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík, Brynhildur Flóvenz, formaður stjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands og lektor við Háskóla Íslands og Rannveig Traustadóttir, prófessor við Háskóla Íslands. Fundastjórar voru: Andrea Coomber, yfirlögfræðingur hjá Interights, Anna Lawson, lektor við Háskólann í Leeds og Rune Halvorsen, Ph.d, sérfræðingur hjá NOVA rannsóknarmiðstöð, Noregi.

Alls sóttu um 160 almennir þátttakendur ráðstefnuna, þar af um fimmtíu erlendir gestir. Flestir þátttakenda voru lögfræðingar og aðrir fagaðilar sem vinna að réttindamálum fólks með fötlun. Nokkur fjöldi framhaldsnema (M.L/Ph.D) á sviði lögfræði var meðal þátttakenda.

Fjölmiðlaumfjöllun um ráðstefnuna fólst í tveimur blaðaviðtölum og tveimur sjónvarpsviðtölum við fyrirlesara, einu blaðaviðtali við almennan þátttakenda og einu útvarpsviðtali við aðstandendur ráðstefnunnar.

Gaman er að geta þess að sérfræðingar ráðstefnunnar skrifa nú bók á grundvelli fyrirlestra sinna og verður hún væntanlega fyrsta alþjóðlega fræðiritið um hinn nýja samning um réttindi fólks með fötlun.



Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, flytur erindi á ráðstefnu MRSÍ og Mannréttindastofnunar HÍ um mannréttindasamninga Sþ sem haldin var í Norræna húsinu 2. apríl.

Alþjóðleg ráðstefna um mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna

Mannréttindaskrifstofa Íslands og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands stóðu að alþjóðlegri ráðstefnu um mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna og tengsl þeirra við Mannréttinasáttmála Evrópu. Ráðstefnan var styrkt af utanríkisráðuneytinu.

Markmið ráðstefnunnar var að fjalla um þýðingu alþjóðasamninga Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg- og stjórnámáleg réttindi og efnahagsleg, menningarleg og félagsleg réttindi frá 1966 fyrir alþjóðlega mannréttindavernd. Eftirlitskerfi samninganna tveggja var skoðað, einkum kæruleið Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna en einnig var fjallað um kæruleið sem fyrirhugað er að koma á fót með nýjum viðauka við samninginn við efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Samspil samninganna tveggja, Mannréttinasáttmála Evrópu og Mannréttindadómstóls Evrópu var skoðað og túlkunaraðferðir Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna og Mannréttindadómstóls Evrópu bornar saman. Áhrif samninganna á landsrétt og dómstóla á Norðurlöndum voru rædd en einnig var fjallað sérstaklega um tengsl réttinda samninganna og stjórnarskrárbundinna réttinda og hvaða áhrif lögfesting samninganna hefur haft í Noregi.

Utanríkisráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, ávarpaði ráðstefnuna en fundarstjóri var Brynhildur G. Flóvenz, lektor við lagadeild Háskóla Íslands og stjórnarformaður Mannréttindaskrifstofu Íslands. Eftirtaldir sérfræðingar fluttu erindi: Françoise Hampson, prófessor við lagadeild Essexháskóla og sérfræðingur undirnefndar Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna fjallaði um gagnsemi Sameinuðu þjóðanna við framkvæmd alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga.

Elisabeth Palm, sérfræðingur í Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna og fyrrum dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, fjallaði um tengsl alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg- og stjórnámáleg réttindi og Mannréttinasáttmála Evrópu.

Eivind Smith, prófessor við lagadeild Oslóarháskóla, fjallaði um það hvort lögfesting sé nauðsynleg til að tryggja innleiðingu samninganna í landsrétt og reynslu Norðmanna í því samhengi.

Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, fjallaði um samspil stjórnarskrárbundinna mannréttinda og

réttinda sem tryggð eru í samningum Sameinuðu þjóðanna frá 1966.

Að loknum erindum fóru fram pallborðsumræður þar sem Ragnar Aðalsteinsson, hæstaréttarlögmaður og Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík tóku þátt auk fyrirlesara.

Ráðstefnan var mjög vel sótt en fullt var út úr húsi.

Málstofur og fundir

Samkvæmt verkefnaáætlun, sem samþykkt var á aðalfundi 2003, skyldi að því stefnt, að MRSÍ og aðildarfélögin stæðu saman að málstofum þar sem fjallað skyldi sérstaklega um viðfangsefni og vandamál þeirra, hvers og eins. Málstofurnar eru gjarnan stuttar, 1-3 klst. þar sem fjallað er í framsöguerindum, einu eða fleirum, um tiltekið efni og umræður að þeim loknum. Árið 2007 voru málstofur haldnar ásamt Háskólanum í Reykjavík, Íslandsdeild Amnesty International, Samtökum kvenna af erlendum uppruna, Samtökunum '78, Transísland og Rauða Krossinum. Málstofurnar tókust vel, efni var afar áhugavert og umræður líflegar. Málstofurnar voru sem hér segir:

Mannúðarlög og mannréttindavernd

John P. Cerone, dósent við New England School of Law í Boston og forstöðumaður seturs þjóðarréttar og alþjóðamála flutti erindi á málstofu Mannréttindaskrifstofunnar og Háskólans í Reykjavík 5. janúar. John sérhæfir sig í sviðum alþjóðlegrar mannréttindaverndar, mannúðarréttar og alþjóðlegs refsiréttar og hefur birt fjölda fræðigreina á þeim sviðum. Á fundinum fjallaði John um nýlegar rannsóknir á beitingu mannúðarréttar fyrir bandarískum dómstólum, einkum í samhengi við hið svokallaða stríð gegn hryðjuverkum. Að loknu erindi Johns gafst tóm til fyrirspurna og umræðna. Málstofan var vel sótt og umræður voru líflegar og fróðlegar.

Opinn fundur í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti

Mannréttindaskrifstofan hefur undanfarin ár tekið þátt í skipulagningu hátíðarfundar í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti sem menningar og friðarsamtökin MFÍK halda utan um. Haldinn var opinn fundur fimmtudaginn 8. mars 2007 í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur þar sem fram kom fjöldi fyrirlesara og listafólks. Mannréttindaskrifstofan hélt utan um ljósmyndasýningu



Mannréttindaskrifstofan stóð fyrir fjölda viðburða á árinu, t.a.m. málstofu um réttindi transgender fólks og kvikmyndahátíð um ofbeldi gegn konum

sem bar yfirskriftina Íslenskar konur í gegnum tíðina, í samvinnu við Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Viðburðurinn var vel sóttur og vel heppnaður í alla staði.

Morgunverðarfundur með stjórnmalaflokkunum

Mannréttindaskrifstofan stóð fyrir morgunverðarfundum um stefnu stjórnmalaflokkanna í mannréttindamálum í tengslum við Alþingiskosningar 2007. Fundurinn var haldinn mánudaginn 7. maí 2007, í Blómasal Hótel Loftleiða. Þar var fjallað um stefnumál flokkanna í mannréttindamálum þar sem Atli Gíslason, Vinstri grænum, Ágúst Ólafur Ágústsson, Samfylkingu, Ásgerður Jóna Flosadóttir, Frjálslynda flokki, Birgir Ármannsson, Sjálfstæðisflokki, Jónína Bjartmarz, Framsóknarflokki og Lárus Vilhjálmsson, Íslandshreyfingu sátu fyrir svörum. Að loknum erindum fulltrúa stjórnmalaflokkanna spunnust líflegar umræður um málaflokkinn. Aðgangur var öllum opin og áhugafólk um mannréttindi var hvatt til að mæta.

Málstofa um mannréttindi og stjórnmal í Taívan

Dr. Peng Ming-min, aðalráðgjafi Taívanforseta flutti erindi á morgunfundum Mannréttindaskrifstofu miðvikudaginn 17. október, í Hringborðsstofu, Þjóðmenningarhúsi. Dr. Peng fæddist í Taívan árið 1923. Hann lærði lög- og stjórnmalfræði við Keisaralega háskólann í Tókýó en flúði borgina þegar Bandaríkjamenn hófu sprengjuárásir í heimsstyrjöldinni síðari. Dr. Peng slasaðist illa í Nagasakí og var þar þegar kjarnorkusprengjunni var varpað á borgina. Hryllingur heimstyrjaldarinnar hafði mikil áhrif á Peng en alla tíð síðan hefur hann verið mikill friðarsinni. Árið 1964 birti Peng Stefnyfirlýsingu til að bjarga Taívan en í kjölfarið var hann dæmdur í átta ára fangelsi. Mál hans vakti athygli heimsbyggðarinnar og Amnesty International og Henry Kissinger, m.a., kröfðust þess að hann yrði látinn laus. Chiang Kai-shek lét undan alþjóðlegum þrýstingi og Peng var sleppt úr haldi fjórtán mánuðum síðar. Hann var settur í stofufangelsi fyrir lífstíð og var undir ströngu eftirliti stjórnvalda. Í janúar

árið 1970 tókst Peng að flýja til Svíþjóðar sem veitti honum pólitískt hæli og hann fékk svo vegabréfsáritun til Bandaríkjanna sama ár þrátt fyrir hávær mótmæli kínverskra stjórnvalda. Peng var í útleið rúm tuttugu ár en á þeim tíma kenndi hann við virta háskóla í Bandaríkjunum, s.s. Harvard, Stanford og Berkley auk Lundúnaháskóla. Árið 1992 sneri Dr. Peng aftur til Taívan eftir 23 ára útleið. Árið 1995 tilnefndi Lýðræðis- og framsóknarflokkur Taívan (DDP) Peng sem forsetaefni flokksins árið 1996. Hann náði þó ekki kjöri en árið 2000, þegar forseti var loks kjörinn úr flokki stjórnarandstöðunnar (DDP), var Peng skipaður aðalráðgjafi forsetans Shui-bian Chen. Á málstofunni sagði Dr. Peng frá stjórnmalafskiptum sínum og mannréttindastarfi í Taívan.

Málþing um mannréttindi transgender fólks á Íslandi

Málþing um mannréttindi transgender fólks var haldið 8. desember í samvinnu við Samtökin '78 og TransÍsland. Málþingið bar yfirskriftina Transgender - Laglegt tómarúm en þar flutti Anna Jonna Ármannsdóttir erindi um reynsluheim og stöðu transgender fólks á Íslandi og Sandra Lyngdorf, sérfræðingur hjá Mannréttindaskrifstofu sagði frá niðurstöðum rannsóknar sinnar. Málþinginu var ætlað að útskýra hvað transgender er, greina hvaða örðugleika transgender fólk glímur við á Íslandi og koma með tillögur að umbótum, einkum hvað varðar löggjöf, til að gera transgender fólki kleift að lifa með reisni í íslensku samfélagi. Málfundurinn var afar vel heppnaður en umræðurnar sem þar fóru fram voru gagnlegar og mun skýrslan sem gefin verður út í kjölfar málþingsins nýtast fagfólki og stjórnvöldum og jafnframt vera til upplýsingar fyrir almenning og transgender fólk og aðstandendur þeirra. Málþingið sóttu transgender einstaklingar, fjölmiðlafólk, fræðimenn, þingkona og fulltrúar almennings. Málþingið hlaut nokkra fjölmiðlaumfjöllun: ein blaðagrein var birt um efnið, eitt viðtal við fyrirlesara kom í sjónvarpi og eitt útvarpsviðtal við aðstandendur og fyrirlesara var sent út.

Ofbeldi gegn konum

Í tengslum við 16 daga heimsátak gegn kynbundnu ofbeldi, sem Mannréttindaskrifstofan hélt utan um á Íslandi, stóð skrifstofan fyrir kvikmyndahátíð/málstofu um málefni tengd mannréttindum kvenna og kynbundnu ofbeldi ásamt Jafningjafraeðslunni, Hinu húsinu, Amnesty International og Samtökum kvenna af erlendum uppruna. Sýndar voru fimm kvikmyndir og haldin voru í kjölfarið stutt erindi um efni myndanna og fram fóru líflegar umræður. Viðburðurinn var afar vel sóttur af áhugafólki um mannréttindi á öllum aldri.

Kynhneigð- Menning-Saga

Mannréttindaskrifstofa Íslands var einn aðili að hádegisfyrirlestraröð í Háskóla Íslands þar sem sex fræðimenn, innlendir og erlendir, fjölluðu um margvísleg fræðasvið sín undir yfirskriftinni Kynhneigð-Menning-Saga. Meðal fyrirlesara voru heimsfrægir fræðimenn en Samtökin 78 voru í forsvari, í samvinnu við Mannréttindaskrifstofu, félagsvísinda-deild Háskóla Íslands, RIKK - Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafraeðum, Hugvísindastofnun Háskóla Íslands og FSS - Félag STK stúdenta. Fyrirlestrarnir voru haldnir annan hvern föstudag í Odda.

Mentor er málið

Föstudaginn 9. mars var haldin námstefnan *Mentor er málið*. Mannréttindaskrifstofan tekur þátt í starfi hópsins *Allar heimsins konur* sem stóð að námstefnunni. Markmið námstefnunnar var að kynna aðferðarfræði sem Danir og Svíar hafa m.a. beitt á mjög árangursríkan hátt til að ná til erlendra kvenna og tengja þær kynsystur sínum í viðkomandi landi. Byggt hefur verið upp stuðningsnet milli innlendra kvenna af erlendum uppruna til að aðstoða þær við að takast á við allt sem viðkomandi samfélag býður upp á, styrkja þær og efla og rjúfa félagslega einangrun þeirra. Þetta kallast mentor eða mentee, á íslensku „félagsvinur“. Á námstefnunni kynnti m.a. Gunhild Riske hugmyndafræðingur mentor-verkefnisins í Danmörku verkefnið og reynslu Dana af verkefninu og Jelica Ugricic, frá Alþjóðlegu kvenna-samtökunum í Malmö, hugsjón samtakanna. Þá héldu erindi þær Ingibjörg Bernhöft, forstöðumaður Droplaugastaða, og Ólöf Þórðardóttir, starfsmannastjóri ISS, um þarfir erlendra starfsmanna á þeirra vinnustöðum og hvernig staðan er þar. Karen H. Theodórsdóttir, framkvæmdastjóri Garðarbæjardeildar Rauða kross Íslands, kynnti stuðningsfjölskylduverkefni flóttamanna. Í seinni hluta námstefnunnar fór fram hópastarf. Mikilvægt er að beisla þann óvirkjaða mannauð

sem felst í menntun sem ekki hefur verið metin og annarri færni sem er ónýtt hjá konum af erlendum uppruna bæði þeim og íslensku atvinnulífi til framdráttar. Íslenskt samfélag býður upp á óteljandi möguleika og gáttir eru margar og óþekktar þeim sem ekki til þekkja. Þar er mentorinn lykillinn.

Þjálfun gegn mismunun fyrir borgaralegt samfélag

Mannréttindaskrifstofan sér um verkefni Ráðs Evrópusambandsins sem ber yfirskriftina: *Anti-Discrimination and Diversity training* (VT/2006/009) á Íslandi ásamt *Human European Consultancy* og *Migration Policy Group*. Námskeið eru haldin í öllum ESB- og EFTA-löndum ásamt Tyrklandi.

Verkefnið felur í sér þjálfun hagsmunaaðila til að auka þekkingu þeirra á tilmælum Evrópusambandsins og innlendir löggjöf sem ætlað er að tryggja jafnrétti þegnanna án tillits til kynþáttar, uppruna, kynhneigðar, trúar, skoðana, fötlunar eða aldurs. Fræðslan miðar að því að kynna borgaralegu samfélagi mögulegar leiðir til að vinna gegn mismunun og aðstoða fólk við að leita réttar síns verði það fyrir mismunun. Samið var viðamikil námsefni á íslensku fyrir námsstefnuna og efni frá Evrópusambandinu þýtt, þessum hluta verkefnisins lauk á tímabilinu. Ætlunin er að námsefnið geti síðan nýst við námskeið fyrir atvinnulífið, jafnréttisfulltrúa sveitarfélaga, o. fl. á námsstefnum sem haldnar verði með reglulegu millibili. Tveir innlendir sérfræðingar, Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur og Guðrún D. Guðmundsdóttir, mannréttindafræðingur, og einn erlendir sérfræðingur frá ESB, Nicola Dandridge, lögmaður, sáu um gerð námsefnisins. Guðrún og Margrét sátu sérstakt námskeið sem ESB stóð fyrir í Stokkhólmi þar sem fjallað var um fyrirkomulag námsstefna gegn mismunun, fræðslu aðferðir og tilskipanir ESB. Í apríl 2008 verður síðan haldin námsstefna þar sem boðið verður um 50 þátttakendum frá verkalyðshreyfingu og frjálsum félagsamtökum.

Framlag til funda og ráðstefna

Mótum framtíð

Formaður hélt fyrirlestur sem bar yfirskriftina Sáttmáli S.þ. um réttindi fatlaðs fólks; framkvæmd á alþjóðavísu og úrræði til að framfylgja honum á alþjóðavísu á ráðstefnu félagsmálaráðuneytis í tilefni árs jafnra tækifæra: *Mótum framtíð*, sem haldin var 30. mars.

Styrkurinn í fjölbreytni

Í tilefni af setningu *Árs jafnra tækifæra* hérlendis efndi félagsmálaráðuneytið til ráðstefnu í Iðnó þann 25. apríl. Á ráðstefnunni voru fyrirlestrar um áhrif jafnréttis og mismununar í samfélaginu frá ýmsum sjónarhornum. Sandra Lyngdorf tók þátt í ráðstefnunni fyrir hönd Mannréttinda-skrifstofunnar þar sem hún kynnti verkefni stofnunarinnar í tengslum við Evrópuárið.

Lokaráðstefna Evrópuárs jafnra tækifæra

Félagsmálaráðuneytið stóð að lokaráðstefnu Evrópuárs jafnra tækifæra 13. desember. Mannréttindaskrifstofan fjallaði ásamt Jafnréttisstofu, Samtökum '78, Ísland Panorama, Femínistafélagi, Barnaheill, Kvennaathvarfinu og fleiri aðilum um verkefni sín í tengslum við Evrópuárið.

Fundur Mariselu Ortiz Riviera með utanríkisráðuneyti

Í mars stóð Íslandsdeild Amnesty International fyrir komu Mariselu Ortiz Rivera, mannréttindafrömuðar til Íslands. Marisela er frá Mexíkó og hefur á síðustu sex árum barist ötullega gegn refsileysi vegna kvennamorða í borginni Juárez í Norður-Mexíkó, þar sem um 400 konur hafa verið myrtar á hrottalegan hátt. Marisela flutti erindi í Odda um starf sitt en átti síðan fund með fulltrúum utanríkisráðuneytis þar sem framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofunnar túlkaði.

Mannréttindi í utanríkisstefnu Íslands - hvers vegna?

Fimmti fundur í málfundaröð utanríkisráðuneytisins fór fram í Háskólanum á Akureyri, 10. desember. Þar flutti Edda Jónsdóttir, meistaranemi, erindi byggt á rannsókn sem unnin var í samvinnu við Mannréttindaskrifstofuna er bar yfirskriftina: Mannréttindi í íslenskrí utanríkisstefnu 1995-2006.

Mannréttindafræðsla

Fræðsla í framhaldsskólum

Laust eftir áramótin 2004 skrifaði þáverandi framkvæmdastjóri bréf til skólastjóra allra framhaldsskóla landsins og skýrði þeim frá því, að MRSÍ hefði í tilefni tíu ára afmæli sínu ákveðið að gera sérstakt átak til að nálgast unga fólkið í landinu. Á árinu heimsótti framkvæmdastjóri fjölda framhaldsskóla annað hvort á opnum dögum eða fyrirlestrar voru haldnir í kennslustundum. Það hefur verið mjög ánægjulegt að sjá hversu áhugasamir margir nemendurnir eru um mannréttindi. Ætlunin er að halda verkefninu áfram og þegar hefur borist fjöldi fyrirspurna fyrir næsta starfstímabil.

Fyrirlestrar í Háskólanum í Reykjavík

Framkvæmdastjóri fjallaði um hlutverk félagasamtaka í hinu alþjóðlega mannréttindakerfi á námskeiði í lagadeild Háskólans í Reykjavík. Einnig var þess farið á leit við framkvæmdastjóra að taka þátt í námskeiði um mannréttindi og viðskipti en því miður var henni það ekki unnt vegna fundahalda erlendis.

Auglýsingaherferð gegn mismunun

Mannréttindaskrifstofan hlaut styrk til að standa að auglýsingaherferð gegn mismunun sem skipulögð var í tengslum við Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti. Birt voru auglýsingaplaköt í strætisvagnaskýlum, búin voru til barmmerki og prentaðir bolir með kennimerki Evrópuáttaks gegn kynþáttamisrétti sem hannað var af Evrópusamtökunum UNITED. Markmiðið var að vekja fólk til umhugsunar um staðalímyndir og það hvort það mismuni fólki vegna aldurs, fötlunar, uppruna, kynþáttar, kynhneigðar, trúarbragða eða lífsskoðunar.



Mannréttindaskrifstofan hefur umsjón með verkefni ESB gegn mismunun á Íslandi. Fyrsta hluta verkefnisins lauk árið 2007 með gerð fræðsluefnis um tilskipanir Evrópusambandsins gegn mismunun sem sjá má á myndinni hér til hægri.

Fjölmiðlar og opinber umræða

Mannréttindaskrifstofan hefur lagt sig í líma við að vekja athygli á mannréttindamálum með fréttatilkynningum og greinaskrifum í fjölmiðlum og hefur það gefist vel. Skrifaðar hafa verið greinar um mannréttindi og viðskipti, kynbundið

ofbeldi, réttindi fólks með fötlun, málefni hælisleitenda, kynþáttafordóma o.fl. Af sérstökum áskorunum og tilkynningum má nefna yfirlýsingu Mannréttindaskrifstofu Íslands frá 19. febrúar um mannréttindabrot gegn fólki sem dvelst á stofnunum á vegum hins opinbera:

Að undanfögnu hafa ítrekað borist fréttir af grófum mannréttindabrotum gegn einstaklingum sem dvalið hafa á meðferðar- og dvalarstofnunum sem reknar hafa verið af hálfu hins opinbera eða fyrir opinbert fé. Sammerkt með þessum stofnunum er að þar hafa dvalið einstaklingar sem af misjöfnum ástæðum, svo sem vegna fötlunar, aldurs, félagslegrar stöðu eða fíkniefnaneyslu, eiga erfiðara en almennt gerist með að gæta réttar síns.

Á síðari árum hefur þróunin almennt verið sú að draga úr notkun hvers kyns sólarhringsstofnana, ekki síst fyrir börn og fatlað fólk. Engu að síður er fjöldi fólks sem dvelur og mun dvelja á hinum ýmsu stofnunum. Má þar nefna m.a. aldraða, ýmsa hópa fatlaðra og fólk á meðferðarstofnunum.

Mannréttindaskrifstofa Íslands telur mikilvægt að gerð verði gangskör að því að bæta réttarstöðu fólks á slíkum stofnunum. Mikilvægur hluti slíks starfs er að tryggja eftirlit með starfsemi stofnana og auðvelda einstaklingum sem þar dvelja að koma á framfæri athugasemdum sínum við trúnaðarmann.

Mannréttindaskrifstofa Íslands telur brýnt og raunar forgangsverkefni að þeim einstaklingum sem sætt hafa misnotkun og ofbeldi á slíkum stofnunum, verði nú þegar veitt öll sú aðstoð sem samfélagið getur boðið. Samhliða verði gerð athugun á þeim stofnunum, sem reknar eru í dag, skoðað hvaða reglur gilda í samskiptum við fólk sem þar dvelur og hvernig eftirliti er háttað með slíkum stofnunum. Þá verði settar reglur um samskipti við íbúa slíkra stofnana svo sem reglur um hvenær beita megi þvingunarúrræðum og þá hvernig. Loks er mikilvægt að reglur verði settar um eftirlit með stofnunum.

Ísland á aðild að fjölda mannréttinasamþykktá sem ætlað er að tryggja mannhelgi og mannfrelsi borgaranna og koma í veg fyrir ómannlega eða vanvirðandi meðferð. Mannréttindaskrifstofa Íslands hvetur stjórnvöld til að taka réttarstöðu fólks sem dvelur á stofnunum til gagnerrar endurskoðunar ásamt því að undirrita og fullgilda nýjan samning Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi fatlaðs fólks ásamt viðbótarbókun við Evrópusamning um varnir gegn pyntingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem kveður á um eftirlitsnefndir sem ætlað er að koma í veg fyrir illa meðferð á stofnunum á vegum hins opinbera.

Í tengslum við 21. mars og Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti hannaði starfsfólk Mannréttindaskrifstofunnar bol með merki átaksins.



Þá lýsti skrifstofan því yfir að hún væri reiðubúin til að gegna formlega hlutverki sjálfstæðrar og óháðrar stofnunar í samræmi við Parísarreglurnar í fréttatilkynningu 3. maí:

Mannréttindaskrifstofa Íslands fagnar heilshugar stefnu Íslands í mannréttindamálum sem utanríkisráðherra kynnti síðastliðinn mánudag. Stefnan er heildstæð og þrýðilega unnin en hún tekur til fjölmargra þátta mannréttindaverndar sem Mannréttindaskrifstofan hefur áréttað að Ísland beiti sér fyrir á alþjóðlegum vettvangi. Það er einnig gleðiefni að vilji sé til að Ísland sækist eftir sæti í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna sem er mikilvægur vettvangur þar sem Ísland hefur alla burði til að beita sér á virkan hátt fyrir eflingu mannréttinda á heimsvísu. Mannréttindaskrifstofan lýsir einnig ánægju sinni með þá ákvörðun stjórnvalda að renna styrkari stoðum undir reglulega móttöku flóttamanna.

Mannréttindaskrifstofa Íslands fagnar sérstaklega yfirlýsingu utanríkisráðherra um að hún muni beita sér fyrir því að hér á landi starfi sjálfstæð mannréttindastofnun í samræmi við Parísarreglur Sameinuðu þjóðanna.

Ísland á aðild að Sameinuðu þjóðunum og Evrópuráðinu en þar er mælt til þess að stjórnvöld setji á stofn eða styrki starf stofnana sem eru fyrir hendi til að tryggja að í landinu starfi óháð og fjárhagslega sjálfstæð mannréttindastofnun. Stofnunum þessum er m.a. ætlað að fylgjast með þróun mannréttinda í viðkomandi ríki, taka þátt í alþjóðlegu samstarfi, veita ráðgjöf um mannréttindamál ásamt því að halda uppi fræðslu og rannsóknum. Mannréttindaskrifstofan áréttar að hún er sjálfstæð stofnun, sem allt til ársins 2005, starfaði sem landsstofnun, á fjárlögum, með fulltingi stjórnvalda sem töldu skrifstofuna sér til tekna á alþjóðlegum vettvangi.

Skrifstofan hefur frá upphafi komið, og kemur enn, fram fyrir Íslands hönd á vettvangi Evrópuráðsins og hjá Sameinuðu þjóðunum, skrifstofan er fulltrúi Íslands í norrænu samstarfi og í Evrópusamtökum mannréttindastofnana. Skrifstofan gerir umsagnir um lagafrumvörp, upplýsir alþjóðlegar eftirlitsstofnanir um stöðu mannréttinda á Íslandi, stendur fyrir málþingum, rannsóknum og útgáfu, gerð mannréttindafræðsluefnis og tekur þátt í opinberum nefndum og samstarfi við háskóla og frjáls félagasamtök, hér á landi sem og erlendis. Þá hefur skrifstofan staðið að herferðum gegn mannréttindabrotum s.s. 16 daga átaki gegn kynbundu ofbeldi og Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti, svo fátt eitt sé talið.

Í Parísarreglunum kemur fram hvaða hlutverki landsstofnanir eiga að gegna. Mannréttindaskrifstofan er sjálfstæð stofnun sem starfar í samræmi við Parísarreglurnar þó í dag sé rekstrargrundvöllur hennar ótryggur og starfsemi háð velvild stofnana, félaga og fyrirtækja.

Í máli eftirlitsstofnana á sviði mannréttinda sem fjallað hafa um málefni Mannréttindaskrifstofunnar kemur fram að þær telji skrifstofuna geta fyllilega sinnt hlutverki landsstofnunar svo fremi sem rekstrargrundvöllur og sjálfstæði er tryggt.

Mannréttindaskrifstofan lýsir sig hér með, sem hingað til, reiðubúna til að gegna formlega hlutverki sjálfstæðrar og óháðrar stofnunar í samræmi við Parísarreglurnar.



Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra kynnr nýja stefnu Íslands í mannréttindamálum á Akureyri árið 2006.

Mannréttindaskrifstofan birti einnig yfirlýsingu í tilefni af alþjóðadegi flóttamanna 20. júní:

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna kveður á um rétt manna til að leita og njóta griðlands erlendis gegn ofsóknum. Mannréttindayfirlýsingin kveður einnig á um rétt allra manna til ríkisfangs en í því er fólgin lagalegur réttur til að njóta gæða samfélagsins og taka þátt í skipan þess. Þessi réttindi eru nátengd því fólk sem ekki nýtur verndar stjórnvalda í heimalandi sínu er oft án ríkisfangs; það að öllum sé tryggt ríkisfang er einn grunnþátta í vernd minnihlutahópa og annarra hópa sem eiga undir högg að sækja. Með því að vinna gegn ríkisfangsleysi og aðstoða fólk sem er án ríkisfangs er stuðlað að stöðugleika á viðkomandi svæði og þannig jafnvel unnt að koma í veg fyrir ástand sem leiðir til þess að fólk neyðist til að leggja á flótta.

Ísland er aðili að Flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna sem gefur fólki sem ekki nýtur verndar gegn ofsóknum í eigin landi kost á því að leita skjóls hjá öðrum þjóðum. Ísland á einnig aðild að Evrópusamningi um ríkisfang sem kveður á um réttindi og skyldur varðandi ríkisfang. Ísland er hins vegar eina Norðurlandið sem hvorki hefur gerst aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um ríkisfangsleysi né samningi um réttarstöðu fólks án ríkisfangs.

Í tilefni af alþjóðadegi flóttamanna, í dag 20. júní, hvetur Mannréttindaskrifstofan Íslensk stjórnvöld til að gerast aðili að samningum Sameinuðu þjóðanna um ríkisfangslausu; samningi um að draga úr ríkisfangsleysi sem samþykktur var 30. ágúst 1961 og samningi um réttarstöðu fólks án ríkisfangs, sem samþykktur var 28. september 1954. Bæði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og Flóttamannastofnunin hafa hvatt ríki til að gerast aðilar að samningunum en flest Vestur-Evrópulönd hafa átt aðild að þeim um áratuga skeið.

Mannréttindaskrifstofan stóð einnig fyrir netundirskriftasöfnun um aðgerðir gegn mansali:

Árlega verða þúsundir einstaklinga, aðallega konur og börn, fórnarlömb mansals. Talið er að hálf milljón kvenna, hið minnsta, sé á ári hverju flutt frá fátækum löndum jarðar til þeirra ríkari þar sem þær eru þvingaðar til starfa í kynlífsiðnaðinum. Mörgum er rænt og haldið nauðugum, þær eru barðar og niðurlægðar og beittar kynferðislegu ofbeldi við aðstæður sem minna mest á þrælahald.


Mansal ógnar mannréttindum og grundvallargildum í Lýðræðissamfélagi en undanfarið hafa komið fram vísbendingar um að mansal tengt kynlífsiðnaði sé að skjóta rötum á Íslandi. Nýlega var vændi lögleitt og því er enn brýnna en áður að grípa til þverfaglegra aðgerða til að koma í veg fyrir að þeir sem standa að mansali nái fótfestu hér á landi og tryggja að engar konur á Íslandi búi við kynlífsþrælkun, kúgun og ofbeldi. Íslensk stjórnvöld verða að taka við sér og grípa til alhliða aðgerða sem grundvallast á forvörnum, verndun mannréttinda fórnarlambanna og saksókn þeirra sem standa að mansali.

Ég krefst þess að Íslensk stjórnvöld beiti sér af alhug gegn mansali og samþykki þverfaglegra aðgerðaáætlun til að berjast gegn mansali sem byggir á verndun mannréttinda fórnarlambanna. Aðgerðaráætlunin kveði m.a. á um:


- Að stjórnvöld festi í lög fórnarlamba- og vitnavernd, m.a. ákvæði er snúa að vernd vegna vitnisburðar fyrir dómstólum, félagslegri- og fjárhagslegri aðstoð, áfallahjálp og aðstoð við atvinnuleit. Fórnarlömbum standi vernd og aðstoð til boða óháð því hvort þau vinna með ákærvaldinu eða ekki.
 - Þjálfun fagaðila (landamæraeftirlits, lögreglu, ákærvalds, félagsmálayfirvalda, heilbrigðisstarfsfólks, o.s.frv.) til að þeir geti þekkt fórnarlömb mansals.
 - Fórnarlömbum sé tryggð umsvifalaus vernd þegar ljóst er að um mansal er að ræða – allt þar til þau vilja snúa heim sjálfviljug eða hafa fengið dvalarleyfi á Íslandi.
 - Að aðgerðir gegn mansali bitni ekki á hópum sem eiga undir högg að sækja s.s. hælisleitendum og farandverkafólki.
 - Aukið fjármagn til rannsókna á umfangi mansals og kynlífsiðnaðar á Íslandi
 - Átak til að vekja almenning til umhugsunar um tengsl klámiðnaðar, vændis og mansals
- Þá hvet ég stjórnvöld til að fullgilda Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali og samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi og bókun við hann um mansal.

Skrifstofan hefur einnig skapað sér virðingu og traust fjölmiðla því nær undantekningalaust er leitað til hennar þegar mannréttindamál eru til umfjöllunar. Skrifstofan lét Fjölmiðlavaktina gera úttekt á fjölmiðlaumfjöllun um skrifstofuna á árinu og má þar afar vel við una. Skýrslan leiðir í ljós að skrifstofan er að meðaltali sýnileg í fjölmiðlum rúmlega einu sinni viku. Alls birtust 67 fréttir/greinar þar sem Mannréttindaskrifstofan kom við sögu; 42 í prentmiðlum og 25 í ljósvakamiðlum. Prentmiðlar sem hafðir eru til hliðsjónar: Morgunblaðið, Fréttablaðið, Viðskiptablaðið, Blaðið, DV og viss landsmáblöð og tímarit. Ljósvakamiðlar sem hafðir eru til hliðsjónar: Fréttastofa Útvarps, Fréttastofa Sjónvarps, Fréttastofa Stöðvar 2 og Bylgjan.


Þróun tíðni á milli mánaða:




Fjöldi greina – skipting milli prentmiðla




Hlutföll




Þróun á tíðni umfjöllunar í prentmiðlum milli mánaða



Fjöldi greina skipting eftir ljósvakamiðlum



Þróun tíðni umfjöllunar í ljósvakamiðlum milli mánaða



Mannréttindakennsluefni

Human Rights Reference Handbook

Eitt markmiða Mannréttindakrifstofunnar er að stuðla að útgáfu og dreifingu kennsluefnis um mannréttindi. Þýðingarsjóður og dómsmálaráðuneyti veittu MRSÍ styrk til að þýða og staðfæra hluta bókarinnar *Human Rights Reference Handbook* sem gefin var út af ríkisstjórn Hollands og Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna. Bókin hefur verið notuð til kennslu í háskólanum og er hentug fyrir fagaðila, framhaldsskóla, félagasamtök og háskólastofnanir. Þýðing og staðfæring stendur nú yfir. Einnig hefur UNESCO ákveðið að veita veglegan styrk til endurútgáfu og þróunar HREP-verkefnisins. Alþjóðlega viðurkenndir sérfræðingar vinna að verkefninu ásamt meistaranemum við Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna og starfsfólki Mannréttindakrifstofunnar.

Against all Odds

Rannsóknir sýna að vaxandi fordóma gætir hjá ungu fólki gagnvart flóttamönnum og hælisleitendum, og útlendingum almennt, og því er brýnt að ungmenni fái fræðslu um hvað felist í því að fá stöðu flóttamanns, aðra menningarheima og þær aðstæður sem fólk er helst að flýja í heimalandinu.

Mannréttindakrifstofan og Rauði kross Íslands, í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, réðust í það verkefni að þýða vefleikinn Against All Odds og eru að reyna að fá til þess fjármagn. Leikurinn var upprunalega þróaður á sænsku með stuðningi fyrirtækisins Statoil en hefur nú verið þýddur á fjölda tungumála. Leikurinn hefur hvarvetna vakið mikla athygli en t.d. spiluðu meira en 45.000 manns hann fyrstu tvær vikurnar eftir að þýskri útgáfu hans var hleypt af stokkunum. Leikurinn er ætlaður 13-16 ára ungmönnum og hefur það að markmiði að kynna ungu fólki reynsluheim flóttamannsins og hvað í því felst að vera á flótta. Leikurinn er ekki einungis gagnlegur til fræðslu um flóttamenn heldur einnig í almennri mannréttinda- og fjölmeningarkennslu. Ætlunin er að leiknum verði ýtt úr vör á íslensku veturinn 2008-2009. Gaman er að geta þess að Barnavinafélagið Sumargjöf veitti 600.000 króna styrk til verkefnisins.

Samráðsfundir með stjórnvöldum

Mannréttindakrifstofa átti fjölda funda með stjórnvöldum um mannréttindamál. Af þessum má nefna samráðsfundi með utanríkisráðuneyti í tengslum við allsherjarþing og mannréttindaráð Sp og ályktun 1325 um konur, frið og öryggi. Fundað var með félagsmálaráðuneyti um Evrópuár jafnra tækifæra, málefni fatlaðra og frumvarp til jafnréttislaga og með dómsmálaráðuneyti um mansalsmál og kynbundið ofbeldi. Skrifstofan var einnig kölluð á fund ýmissa þingnefnda í tengslum við umsagnir hennar um lagafrumvörp.

Ár jafnra tækifæra

Evrópusambandið tileinkaði árið 2007 baráttu gegn hvers kyns mismunun – Ár jafnra tækifæra. Mannréttindakrifstofan tók þátt í Evrópuárinu á ýmsan hátt. Formaður og framkvæmdastjóri tóku þátt í undirbúningsfundum vegna viðburða á árinu en Mannréttindakrifstofan fékk styrk til fimm verkefna í tengslum við árið. Nánar er fjallað um þau verkefni hér að ofan.

21. mars og Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti

Mannréttindakrifstofan hafði umsjón með skipulagningu Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti og viðburðar í tilefni af 21. mars alþjóðadegi gegn kynþáttamisrétti. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna valdi daginn í minningu 69 mótmælenda sem myrtir voru 21. mars 1960 er þeir mót-mæltu aðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku. Evrópuvikan miðar að því að uppræta mismunun, fordóma og þjóðernishyggju í álfunni og stuðla þannig að umburðarlyndu Evrópusamfélagi þar sem allir eru jafnir, óháð útliti og uppruna. Þúsundir manna taka árlega þátt í átakinu um gervalla Evrópu.

Birtingarmyndir kynþáttamisréttis eru ólíkar eftir löndum og menningarsvæðum en kynþáttamisrétti nær yfir vítt svið - allt frá fordómum til ofbeldisverka. Kynþáttamisrétti á Íslandi birtist helst í útlendingafælni og duldu fordómum gagnvart fólki af erlendum uppruna. Fordómarnir birtast einkum í hversdagslífinu - þegar talað er niður til þeirra sem ekki eru skilgreindir sem „hreinir“ Íslendingar; fólki er meinaður aðgangur að skemmtunum, það fær lakari þjónustu og atvinnu, er tortryggt og þarf jafnvel að þola að stjakað sé við því og hreytt í það ókvæðisorðum á almannaþæri.

Að undanförunu hafa málefni innflytjenda verið ofarlega á baugi og það er áhyggjuefni hversu borð hefur á fordómum, útlendingafælni og þjóðernishyggju í umræðunni. Í árslok 2006 voru erlendir ríkisborgarar 6% af heildarmannfjölda á Íslandi; það er staðreynd að íslenskt samfélag er fjölmennningarlegt og því verður ekki breytt. Til að vinna gegn misrétti og fordómum í garð fólks af erlendum uppruna á Íslandi tóku Mannréttindaskrifstofa Íslands, Þjóðkirkjan, Alþjóðahús, Amnesty International, Rauði krossinn, Ísland Panorama, ÍTR, Jafningjafræðsla Hins hússins, Soka Gakkai Íslandi og Múltikúltí, menningarmiðstöð húmanista þátt í Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti með ýmsum hætti. Samtökin skrifuðu greinar í dagblöð og reyndu að stuðla að upplýstri umræðu um fjölmenningu og málefni innflytjenda. Meginviðfangsefnið var þó viðburður í Smáralind þann 21. mars þar sem keppendur X-factor tóku nokkur velvalin lög við góðar undirtekir Smáralindargesta og á annað hundrað krakka sem sérstaklega voru komin frá hinum ýmsu ungmennahreyfingum til að taka þátt í uppákomunni. Krakkarnir voru komnir til að vinna gegn fordómum en þau spjölluðu við gesti og gangandi um kynþáttamisrétti og gáfu plaköt, sælgæti og barmmerki. Krakkarnir klæddust öll bolum þar sem varpað var fram spurningunni „dæmir þú fólk eftir útlitin?“ og höfðu málað andlit sín í öllum regnbogans litum til að vekja fólk til umhugsunar um það hvort við dæmum fólk eftir útliti þess eða litarafri frekar en verðleikum. Viðburðurinn var afar vel heppnaður í alla staði. Ungmennin stóðu sig með mikilli þryði og skemmtu sér konunglega en Mannréttindaskrifstofan kann þeim miklar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. X-factor, Smáralind, Merking og EP kerfi eiga einnig þakkar skildar fyrir frábærar viðtökur og mikilvægan stuðning.

Alþjóðadagur flóttamanna 20. júní

Mannréttindaskrifstofan tók þátt í dagskrá í tilefni af alþjóðadegi flóttamanna, 20. júní á Austurvelli í samstarfi við Rauða kross Íslands, Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og fleiri aðila. Fulltrúar frá Reykjavíkurborg og Rauða krossinum kynntu flóttamannaverkefnið í Reykjavík. Rauði krossinn og Mannréttindaskrifstofa Íslands kynntu samstarfsverkefni sín um málefni flóttamanna og hælisleitenda. Rauði krossinn og félagsþjónustan í Reykjanesbæ kynntu starf sitt með hælisleitendum og málefni þeim tengdum. Einnig voru sýndar kvikmyndir og ljósmyndir úr flóttamannabúðum og boðið upp á margs konar fræðsluefni. Í tilefni af flóttamannadeginum skoraði Mannréttindaskrifstofan á stjórnmöld að fullgilda alþjóðasamninga Sameinuðu þjóðanna um ríkisfangsleysi; bæði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og Flóttamannastofnunin hafa hvatt ríki til að gerast aðilar að samningunum en flest Vestur-Evrópulönd hafa átt aðild að þeim um áratuga skeið.

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Líkt og árið 2006 hafði skrifstofan aðalumsjón með skipulagningu 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi. Árið 2007 var 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi ýtt úr vör í 17. sinn. Átakið hefur frá 1991 unnið að því að draga kynbundið ofbeldi fram í dagsljósið sem mannréttindabrot. Hópar og samtök um allan heim hafa nýtt átakið til að krefjast aðstoðar og stuðnings til handa fórnarlömbum ofbeldis, til að styrkja forvarnastarf og þrýsta á um breytingar á löggjöf til að bæta réttarstöðu pólanda. Þá hefur átakið verið nýtt til að stuðla að því að alþjóðlegum mannréttindareglum sé beitt til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi sem mannréttindabroti, heilbrigðisvandamáli og ógn við mannfrelsi og frið um allan heim.



Á annað hundrað ungmenni tóku þátt í viðburði í Smáralind í tilefni af Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti og alþjóðadegi gegn kynþáttamisrétti 21. mars.



Fulltrúar 16 daga átaks afhenda félagsmálaráðherra áskorun 1700 Íslendinga um að grípa til aðgerða gegn mansali á Íslandi. Á myndinni eru Sandra Lyngdorf og Guðrún D. Guðmundsdóttir frá MRSÍ, félagsmálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir, Sigbrúður Guðmundsdóttir, fræðslu- og framkvæmdastýra Kvænnaathvarfs og Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, frkvst. Amnesty International.

Á liðnum áratug hefur vitneskja um kynbundið ofbeldi vaxið stórum skrefum fyrir tilstilli samtaka, stofnana og einstaklinga sem hafa um allan heim unnið sleitulaust að því að uppræta ofbeldi gegn konum. Þó mörgu hafi verið áorkað er enn langt í land. Átaki ársins 2007 var ætlað að stuðla að aðgerðum sem grafa undan félagslegum viðhorfum og stefnu stjórnvalda sem gerir það að verkum að kynbundið ofbeldi viðgengst enn. Hindranir sem standa í vegi fyrir því að kynbundnu ofbeldi sé útrýmt eru marvíslegar. Meðal þess sem alþjóðlegar aðgerðir 2007 beindust að má nefna:

- Að krefjast og tryggja fullnægjandi fjármagn til vinnu gegn kynbundnu ofbeldi.
- Að krefjast aukinnar ábyrgðar og einurðar hjá stjórnvöldum til að koma í veg fyrir og gera kynbundið ofbeldi refsivert, ekki aðeins í orði heldur einnig á borði.
- Að stuðla að vitund um orsakir og afleiðingar kynbundins ofbeldis, m.a. að hvetja til aðgerða afhendi karlanna og drengja til að binda endi á það.
- Að meta árangur aðgerða sem miða að því að draga úr kynbundnu ofbeldi.
- Að styrkja borgaralegt samfélag og vernda aðgerðasinna sem vinna gegn kynbundnu ofbeldi.

Þá var ætlunin að beina áfram sjónum að þeim fjölmörgu samfélagsmeinum sem stuðla að ofbeldi gegn konum s.s. fátækt, alnæmi/eyðni, stríðsrekstri, alþjóðavæðingu og öðru sem vegur að mannréttindum ásamt því að leggja áherslu á að mannréttindafrömuðir sem vinna gegn ofbeldi gegn konum fái að starfa óáreittir.

Á Íslandi stóð fjöldi aðila og samtaka fyrir margvíslegum viðburðum í því augnamiði að vekja athygli almennings á

orsökum og afleiðingum kynbundins ofbeldis, með sérstakri áherslu á mansal. Auk Mannréttindaskrifstofunnar tóku eftirfarandi aðilar þátt í áttakinu: Aflið, Alnæmisbörn, Alnæmissamtökin á Íslandi, Alþjóðahús, Amnesty International á Íslandi, Barnaheill, Blátt áfram, Bríet – félag ungra femínista, Femínistafélag Íslands, Félagsmálaráðuneyti, Forma, Jafningjafræðsla Hins hússins, Jafnréttisstofa, Kvenfélagasamband Íslands, Kvænna-hreyfing Öryrkjabandalags Íslands, Kvænnaaráðgjöfin, Kvænna-sögusafnið, Kvenréttindafélag Íslands, Leikfélag Akureyrar, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, Prestur innflytjenda, Rannsóknastofa í kvænna- og kynjafræðum, Rauði Kross Íslands, Samtök kvænna af erlendum uppruna á Íslandi, Samtök um kvænnaathvarf, Soroptimistasamband Íslands, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, Stígamót, UNICEF á Íslandi, Vinnueftirlitið, UNIFEM á Íslandi, V-dagssamtökin, Zonta á Íslandi og Þjóðkirkjan.

Átakið 2007 var afar vel heppnað, mikið var um það fjallað í fjölmiðlum og öll helstu samtök landsins tóku þátt. Í tilefni af áttakinu samdi Mannréttindaskrifstofan Drög að aðgerðaáætlun gegn mansali sem samþykkt voru af átaksaðilum og kynnt félagsmálaráðherra og dómsmálaráðherra. Drögin byggjast á mannréttindanálgun og taka sérstaklega til þarfa þolenda mansals í kynlífsiðnaði. Kveða þau meðal annars á um fræðslu fagaðila og forvarnir, aðstoð og vernd fyrir þolendur; saksókn mansala, og vitnavernd, vitundarvakningu um tengsl vændis, kynlífsiðnar og mansals og hvatt er til aukinna rannsókna á umfangi kynlífsiðnaðar á Íslandi. Í kjölfar átaksins tilkynntu stjórnvöld að unnin yrði aðgerðaáætlun gegn mansali sem er mikið ánægjuefni og ber vott um áhrifamátt 16 daga átaks. Fjölmiðlar verða sífellt opnari fyrir umfjöllun um

kynbundið ofbeldi en fjölmiðlakönnun sem Mannréttindaskrifstofan lét gera á umfjöllun um 16 daga átak sýnir að fjölmiðlar fjölluðu ítarlega um átakið og markmið þess.

Áskorun um aðgerðir gegn mansali

Í tengslum við 16 daga átak bjuggu MRSÍ og Íslandsdeild Amnesty International til netundirskriftalista þar sem Íslendingum gafst kostur á að hvetja stjórnvöld til þess að grípa til aðgerða gegn mansali. Um 1700 manns skrifuðu undir en listinn var síðan afhentur Jóhönnu Sigurðardóttur, félagsmálaráðherra og Birni Bjarnasyni, dómismálaráðherra. Ráðherrarnir fengu einnig afhentan blómvönd frá forsvarsmönnum 16 daga átaks því stjórnvöld höfðu þá tilkynnt að gerð yrði aðgerðaáætlun gegn mansali á Íslandi.

Utanríkisráðuneyti

Allsherjarþing Sp og mannréttindaráðið

Það er gleðiefni að samráðsfundir utanríkisráðuneytis og frjálsra félagsamtaka um mannréttindamál í tengslum við upphaf Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og fundi mannréttindaráðsins í Genf hafa verið endurvaktir. Fundir af þessu tagi eru afar gagnlegir og fróðlegir en þar hafa verið kynnt þau mál, sem stjórnvöld hyggjast beita sér fyrir á allsherjarþinginu og farið yfir þau atriði, sem gert er ráð fyrir, að þingið feli svonefndri „þriðju nefnd“ þess að fjalla um og yrðu síðan til umræðu á Genfarfundinum. Þeir sem tóku þátt í þessum fundi fá venjulega tækifæri til að vekja athygli á þeim atriðum og áherslum, sem þeir telja æskilegt að ráðuneytið kæmi á framfæri á fundum þessum og jafnframt óska upplýsinga um stefnu stjórnvalda á ákveðnum sviðum. Formaður sat fundinn sem var afar fróðlegur í alla staði.

Ályktun allsherjarþings SP um konur, frið og öryggi

Formaður og framkvæmdastjóri sátu samráðsfund utanríkisráðuneytisins og félagsamtaka í tengslum við samningu framkvæmdaáætlunar vegna ályktunar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um konur, frið og öryggi. Var þar vel að verki staðið en það er afar ánægjulegt að ráðist hafi verið í gerð framkvæmdaáætlunar af þessu tagi.

Upplýsingagjöf til sendiráða

Árlega leita fulltrúar sendiráða þeirra ríkja sem vinna mannréttindaskýrslur upplýsinga hjá MRSÍ um stöðu mannréttindamála á Íslandi. Átti framkvæmdastjóri fundi með fulltrúum sænskra, bandarískra og breskra stjórnvalda.

Fundur með taivönskum stjórnvöldum

Formaður átti fund með fulltrúum taivönskra stjórnvalda þar sem ástand mannréttindamála í Taívan var til umræðu. Taivönsku sendinefndina leiddi Dr. Peng Ming-min, aðalráðgjafi Taívanforseta.

Yves Daccord frá Alþjóðarráði Rauða krossins

Formaður og framkvæmdastjóri áttu fund með Yves Daccord, yfirmanni upplýsingasviðs alþjóðaráðs Rauða krossins. Yves kom til Íslands til þess að aðstoða Rauða kross Íslands við stefnumótun varðandi mannúðarlög. Yves óskaði eftir fræðslu um stöðu mannúðarlaga hérlendis til þess að geta komið með ábendingar um hvað megi betur fara og draga fram hvar íslensk framkvæmd geti nýst sem fyrirmynd í öðrum löndum. Í þeim tilgangi hitti Yves fulltrúa Mannréttindaskrifstofu Íslands, utanríkisráðuneytis og dómismálaráðuneytis auk ýmissa fleiri aðila.



Fulltrúar 16 daga átaks afhenda dómismálaráðherra áskorun 1700 Íslendinga um að grípa til aðgerða gegn mansali á Íslandi. Á myndinni eru Sandra Lyngdorf og Guðrún D. Guðmundsdóttir frá MRSÍ, dómismálaráðherra Björn Bjarnason, Sigprúður Guðmundsdóttir, fræðslu- og framkvæmdastýra Kvænnaathvarfs og Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Amnesty International.

Mynd: Morgunblaðið.

Móttökustöð hælisleitenda

Mannréttindaskrifstofan hefur um hríð haft nokkrar áhyggjur af stöðu hælisleitenda hér á landi. Framkvæmdastjóri og prestur innflytjenda áttu þátt í stofnun heimsóknahóps sem ætlað er að fylgjast með aðstæðum hælisleitenda (aðallega þeirra er dveljast á Reykjanesi) og vera þeim til aðstoðar á ýmsan hátt. Erfitt hefur reynst að halda úti reglulegri starfsemi hópsins vegna skorts á sjálfboðaliðum og því var ákveðið að hópurinn færðist undir heimsóknavinakerfi Rauða krossins sem ætti auðveldara með að halda utan um hópinn.

Reykjavíkumaraþon

Starfsfólk Mannréttindaskrifstofunnar og áhangendur skráðu sig í Reykjavíkumaraþon til þess að hlaupa í þágu skrifstofunnar. Aðstandendur maraþonsins greiða fyrir hvern hlaupinn kílómetra. Nokkrir velunnarar skrifstofunnar hétu á hlaupagarpana og studdu þannig starf skrifstofunnar.

Styrkir til rannsókna

Ísland og alþjóðlegir mannréttindasáttmálar

Nýsköpunarsjóður námsmanna styrkti lögfræðinema við Háskóla Íslands til að gera rannsókn hjá MRSÍ sem fælist í að gera úttekt á því hvernig íslensk stjórnvöld framfylgja tilmælum alþjóðlegra eftirlitsstofnana á vegum mannréttinda. Rannsóknin stendur enn yfir en ætlunin er að gefa hana út sem hluta af ritröð skrifstofunnar.

Hælisleitendur og flóttamenn á Íslandi

Mannréttindaskrifstofan og Rauði krossinn standa saman að rannsókn á aðstæðum hælisleitenda og flóttamanna á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar er að skoða lagalegar og félagslegar aðstæður flóttamanna og hælisleitenda á Íslandi og bera saman við aðstæður í Evrópu, einkum á hinum Norðurlöndunum. Einnig er hafið samstarf til þess að þýða og gefa út *Handbók Flóttamannastofnunar SP um réttarstöðu flóttamanna*. Verkefnið er styrkt af RKÍ og Rannsóknasjóði Mannréttindaskrifstofu en beðið er svara við umsóknum um styrki til að þýða handbókina. Ætlunin er að handbókin komi út á flóttamannadaginn, 20. júní 2008.

Þjóðbundnar mannréttindastofnanir

Laganemi við Háskólann á Akureyri var í starfsþjálfun hjá MRSÍ á sumarmánuðum og vann við gerð skýrslu um þjóðbundnar mannréttindastofnanir og hlutverk mannréttindaskrifstofu Íslands. Fleiri hafa nú unnið að skýrslunni en hún kemur út sem hluti af ritröð MRSÍ á haustmánuðum 2008.

Réttarstaða aldraðra

Mannréttindaskrifstofan hlaut styrki frá ýmsum aðilum til að vinna rannsóknarverkefni um mannréttindi aldraðra á Íslandi. Nokkuð hefur borið á umræðu um bág kjör eldri borgara á Íslandi undanfarin ár og takmarkaða möguleika þeirra til að vera virkir þátttakendur og njóta gæða samfélagsins til jafns við yngra fólk. Markmið verkefnisins er að vekja almenning til umhugsunar um réttindi aldraðra og manngildi og draga úr fordómum yngra fólks gagnvart þeim eldri. Bókin *Réttarstaða aldraðra* sem gefin verður út sem hluti verkefnisins mun jafnframt nýtast til kennslu á háskólastigi, fyrir fagfólk og til upplýsingar fyrir aldraðra og aðstandendur um réttindi og hvernig hægt er að leita þeirra. Ætlunin var að bók um réttarstöðu aldraðra kæmi út á árinu en vegna breytinga á lagaumhverfi hefur reynst nauðsynlegt að endurskrifa kafla í bókinni og því hefur útgáfa dregist.

Réttarstaða transgender fólks á Íslandi

Sandra Lyngdórf vann að rannsókn á réttarstöðu transgender fólks á Íslandi. Rannsókninni er ætlað að greina hvaða örðugleika transgender fólk glímur við á Íslandi og koma með tillögur að umbótum, einkum hvað varðar löggjöf. Niðurstöður rannsókna verða birtar í ritröð Mannréttindaskrifstofu veturinn 2008-2009.

ERLENT samstarf

Mannréttindaskrifstofan hefur á tímabilinu eftl þátttöku sína í alþjóðlegu mannréttindastarfi, einkum samtökum mannréttindastofnana á Norðurlöndum, AHRI og samtökum er berjast fyrir tilteknum málefnum; skrifstofan er meðlimur í bandalagi félagasamtaka er berjast fyrir viðauka við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi þar sem komið verði á kæruleið fyrir einstaklinga, skrifstofan er meðlimur í UNITED samtökum er berjast gegn kynþáttamisrétti og skrifstofan er meðlimur í ESC-net sem vinnur að framgagni efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda. Þá er skrifstofan einnig meðlimur í FIDH, alþjóðlegum samtökum er vinna að mannréttindum á breiðum grunni. Skrifstofan er fulltrúi Íslands í stýrihópi norræns átaks sem ætlað er að bæta stöðu hælisleitenda á Norðurlöndum.

Keep them safe!

Í dag eru um það bil fjórtíu milljónir manna á vergangi víðsvegar um heiminn. Þetta er fleira fólk en býr á öllum Norðurlöndunum til samans og fimmtán milljónum betur. Af öllum þessum milljónum manna leita aðeins um þriðjtu þúsund árlega hælís á Norðurlöndunum. Oft þarf fólk að

bíða árum saman eftir ákvörðun stjórnvalda. Slík bið er mörkuð ótta og óvissu um framtíðina. Alltof oft er fólk síðan sent nauðugt aftur til landa þaðan sem það flúði stríðsátök og ofbeldi. Endursendingar af þessu tagi eru ómannúðlegar og vanvirðandi og geta brotið í bága við alþjóðalög. Af þeim sökum tóku frjáls félagasamtök í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð höndum saman um norrænt átak Keep them safe! þar sem skorað er á norræn stjórnvöld að tryggja fólki sem flýr vopnuð átök þá vernd sem því ber. Í flóttamannasamningnum segir að flóttamaður teljist sá sem flýr af „ástæðuríkum ótta við að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum eða stjórnmálaskoðana“. Á síðustu árum hafa stjórnvöld á Norðurlöndum tekið upp sífellt þrengri túlkun á flóttamannasamningnum og talið einungis þá flóttamenn sem hafa þurft að þola persónulegar, einstaklingsbundnar ofsóknir. Samkvæmt þessu fær fólk ekki hæli á Norðurlöndum takist því ekki að sanna að ofbeldi sé beint að þeim sérstaklega, sem einstaklingum.

Vopnuð átök eiga oft rætur að rekja til ágreinings vegna kynþáttar, trúmála, þjóðernis og stöðu ólíkra félagslegra hópa eða stjórnmálaafli. Túlkun á flóttamannasamningnum



Frá fimmta reglulega fundi Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í Palais de Nations, Genf. Júní, 2007.

í samræmi við þetta myndi leiða til þess að fólk á flótta nytri ríki verndar. Þótt ríki Afríku og Rómönsku-Ameríku hafi tekið upp rýmri skilgreiningu, þar sem allir þeir sem flýja innanríkisátök eru skilgreindir sem flóttamenn, á þetta ekki við á Norðurlöndum. Þrátt fyrir tilmæli Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna hafa Norðurlönd ekki tryggt fólk sem flýr vopnuð átök nauðsynlega vernd. Norðurlönd hafa á undanförunum árum sent hælisleitendur til baka til Írak, Srí Lanka og Afganistan í trássi við viðmiðunarreglur og tilmæli Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Yfirvöld á Norðurlöndum senda árlega hundruð hælisleitenda til baka til stríðshrjáðra svæða þar sem þeir eiga mannréttindabrot og ofbeldi á hættu. Mannréttindaskrifstofa Íslands var fulltrúi Íslands í norræna samstarfsverkefninu *Keep them safe!* eða „Veitum þeim vernd!“ sem miðar að því að styrkja og bæta vernd á Norðurlöndum fyrir þá sem sótt hafa um hæli eftir að hafa neyðst til að flýja heimalönd sín vegna ofbeldis og alvarlegra mannréttindabrota. Það eru til staðar ýmsar glöppur í landslögum Norðurlanda sem varða hælisleitendur og eins hvernig lögin eru túlkuð sem getur bitnað á fólk sem flýr almennt útbreitt ofbeldi og alvarleg mannréttindabrot. Auk skrifstofunnar tóku Rauði kross Íslands og Íslandsdeild Amnesty International þátt í verkefninu. Átakinu var ýtt úr vör á haustmánuðum með undirskriftarsöfnun og lauk 19. desember með norrænni ráðstefnu um flóttamannamál á Norðurlöndum. Mannréttindaskrifstofan stóð að ráðstefnunni ásamt tuttugu öðrum félagasamtökum og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Ráðstefnan var haldin í Stokkhólmi en þar komu saman fulltrúar stjórnvalda og félagasamtaka til að ræða flóttamannamál á Norðurlöndum en jafnframt fengu fulltrúar norrænna stjórnvalda afhentar undirskriftir Norðurlandabúa sem vilja mannúðlegri stefnu í málefnum hælisleitenda.

Celebrating 2007! – Lokaráðstefna Evrópuárs jafnra tækifæra

Mannréttindaskrifstofan tók þátt í lokaráðstefnu Evrópuárs jafnra tækifæra en hún hlaut styrk til fimm verkefna í tengslum við árið. Ráðstefnan fór fram 19. og 20. október í Lissabon með um 700 þátttakendum frá 30 löndum. Ráðstefnuna sóttu fulltrúar stjórnvalda, ESB, jafnréttisstofnana og félagasamtaka. Fjallað var um afrakstur Evrópuársins, m.a. með það að markmiði að greina hvaða

aðgerðum skyldi halda áfram og hvað hefur gefist vel. Forsætisráðherra Portúgals opnaði ráðstefnuna en síðan tóku við málstofur og vinnufundir um fjölmenningu og jöfn tækifæri, samþættingu kynjasjónarmiða, fjölpátta mismunun, bann við mismunun og margt fleira áhugavert sem tengist þema Evrópuársins. Þá voru einnig veitt verðlaun í ljósmyndasamkeppni ársins, samkeppni um besta fræðsluefnið og bestu kvikmyndina. Ráðstefnan var afar áhugaverð en það er gagnlegt fyrir Mannréttindaskrifstofuna að fá tækifæri til þess að kynnast starfi annarra stofnana sem vinna gegn mismunun í Evrópu.

NGO Coalition for an Optional Protocol to ICESCR

Mannréttindaskrifstofan tók þátt í starfi samtaka sem vinna að því að viðauki við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi verði samþykktur.

Human Rights Education Project

Mannréttindaskrifstofan leiðir nú vinnu í alþjóðlegu fræðsluverkefni, *Human Rights Education Project* (HREP) samstarfsverkefni Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna og ríkisstjórnar Hollands. Verkefnið er m.a. styrkt af UNESCO. Verkefnið samanstendur af þremur bókum og margmiðlunardiski. Fyrsti hluti verkefnisins er *The Human Rights Reference Handbook*, yfirlitsverk um mannréttindahugtök, dóma og hin alþjóðlegu kerfi sem stuðla að vernd mannréttinda. Annar hluti verkefnisins er *Human Rights Instruments*, samantekt samninga, alþjóðlegra yfirlýsinga og ýmissa skjala sem við koma mannréttindum. Þriðji hluti verkefnisins *Universal and Regional Human Rights Protection; Cases and Commentaries*, inniheldur dómaútdrætti og umfjöllun um ákvarðanir Mannréttindanefndar Sp, Mannréttindadómstóls Evrópu, Ameríku-dómstólsins og Afrísku Mannréttindanefndarinnar. Margmiðlunardiskurinn *Human Rights Ideas, Concepts and Fora*, inniheldur bækurnar þrjár auk samninga, dóma og ítarefnis.

Heimasíða HREP

Mannréttindaskrifstofan heldur úti vefsetri um mannréttindi á ensku sem byggir á efni úr *Human Rights Education Project*. Í vefsetrinu er að finna fjölbreytt efni um ýmis mannréttindamál: alþjóðlegar mannréttindastofnanir, dóma

og úrskurði alþjóðlegra eftirlitsstofnana, efni um réttindi tiltekinna hópa, efni um tengsl mannréttinda og annarra málaflokka, o.fl.

AHRI - The Association of Human Rights Institutes

Framkvæmdarstjóri sótti ársfund og ráðstefnu samtakanna í september sem fram fór í Belgrad, Serbíu. Ráðstefnan bar yfirskriftina Restoring peace and human rights in the former Yugoslavia- enforcement, justice, development and prevention. Þá á Mannréttindaskrifstofan aðild að COST verkefni samtakanna hjá Evrópusambandinu- A28- en fulltrúi skrifstofunnar er Þórdís Ingadóttir. Verkefnið er fjórþætt; að rannsaka: 1) gæslu og eflingu friðar (peacekeeping and peace enforcement), 2) alþjóðlega sakamáladómstóla (international criminal tribunals), 3) þróunarsamvinnu og 4) starfsemi mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (High Commissioner for Human Rights (UNHCHR) og minnihlutafulltrúa Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (High Commissioner for National Minorities (HCNM).

Aðsetur AHRI er nú hjá Norsku mannréttindastofnuninni í Osló. Formaður er Mads Andenæs, forstöðumaður stofnunarinnar og Guro Frostestad er framkvæmdastjóri. Eftirfarandi stofnanir eiga nú aðild að AHRI:

- Belgrade Centre for Human Rights, Serbíu og Svartfjallalandi;
- Centre for Human Rights, Central European University, Búdapest, Ungverjalandi;
- Centre for the Study of Human Rights, London School of Economics and Political Science, Bretlandi; Centre for the Study of Global Ethics, University of Birmingham, Bretlandi;
- Chr. Michelsen Institute, Noregi;
- Danska mannréttindaskrifstofan;

- Erik Castrén Institute of International Law and Human Rights, University of Helsinki, Finnlandi;
- European Training- and Research Centre for Human Rights and Democracy, Graz, Austurríki;
- Þýska mannréttindastofnunin;
- Human Rights Centre, University of Essex, Bretlandi;
- Human Rights Centre, Queen's University, Belfast, Norður Írlandi;
- Human Rights Law Centre, University of Nottingham School of Law, Bretlandi;
- Mannréttindaskrifstofa Íslands;
- Institute for Human Rights, Åbo Akademi University, Finnlandi;
- Institute of Human Rights, Catholic University of Leuven, Belgíu;
- Institute of Human Rights, University of Latvia; Lettlandi;
- Institute for Minority Rights, European Academy (EURAC), Bozen, Ítalíu;
- Irish Centre for Human Rights, National University of Ireland, Írlandi;
- Ludwig Boltzmann Institute of Human Rights, Austurríki;
- Maastricht Centre for Human Rights, Maastricht University, Faculty of Law, Hollandi;
- Netherlands Institute of Human Rights (SIM), University of Utrecht; Hollandi;
- Norwegian Centre for Human Rights, University of Oslo, Noregi;
- Poznan Centre for Human Rights, Polish Academy of Sciences, Póllandi;
- Raoul Wallenberg Institute of Human Rights and Humanitarian Law, Lund, Svíþjóð;
- Transitional Justice Institute, University of Ulster, Jordanstown/ Magee, Bretlandi.



Mannréttindaskrifstofan tók þátt í að reisa flóttamannatjald á Austurvelli í tilefni af alþjóðadegi flóttamanna, 20. júní í samstarfi við Rauða kross Íslands, og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Á myndinni má sjá einn gesta með skilríki Flóttamannastofnunarinnar.

Sameinuðu þjóðirnar

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna

Mannréttindaskrifstofa sat hluta af fimmta fundi hins nýja Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í júní og tók þátt í ýmsum hliðarviðburðum. Fundurinn tók m.a. til umfjöllunar skýrslur fjórtán sérstakra skýrslugjafa (e. special rapporteur) og á dagskrá var umræða um framtíðarskipulag ráðsins. Í setningarræðu sinni, hvatti forseti ráðsins, Mexíkóinn Luis Alfonso de Alba, aðildarríkin til að styðja við bakið á ráðinu og Mannréttindafulltrúi S.þ. Louise Arbour sagði frá heimsóknnum sínum til Mið-Asíu og nokkurra Afríkúríkja. Nauðsynlegt er að skrifstofan geti fylgst með þróun mannréttindaumræðu á alþjóðavettvangi en fundir Mannréttindaráðsins eru gagnlegir til þess að fá hugmynd um helstu álitæfni. Einnig er fjöldi hliðarviðburða jafnan í boði í tengslum við fundi ráðsins. Þessir viðburðir eru skipulagðir af leiðandi alþjóðlegum félagasamtökum og fjalla um hin ýmsu viðfangsefni tengd þeim mannréttindum sem eru efst á baugi hverju sinni.

Evrópuráðið

Hringborðsumræður North-South Centre, Feneyja-nefndarinnar og Mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins

Þann 16. og 17. nóvember fóru fram hringborðsumræður í Lissabon undir yfirskriftinni National Human Rights Institutions: *The Cornerstone for the Promotion and Protection of Human Rights*. Mannréttindaskrifstofu Íslands var boðið að taka þátt í fundinum fyrir Íslands hönd en hann sóttu fulltrúar alþjóðastofnana. Fjallað var m.a. um hlutverk, stöðu og starf þjóðbundinna mannréttindastofnana og tengsl þeirra við stjórnlagadómstóla. Sérstök áhersla var lögð á uppbyggilegar umræður á milli stofnana í ólíkum heimsálfum með aukið samstarf og samlegðaráhrif að markmiði.

Upplýsingaskrifstofa Evrópuráðsins

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur um árabíl séð um að senda Upplýsingaskrifstofu Evrópuráðsins um mannréttindamál skýrslu um dómaframkvæmd og lagasetningu á Íslandi er tengjast Mannréttindasáttmála Evrópu. Ber skrifstofunni að skila árlega úrdráttum úr dómum og lögum er tengjast

MSE og er þetta efni birt í árbók upplýsingaskrifstofunnar. Skýrsluna í ár vann framkvæmdastjóri, Guðrún D. Guðmundsdóttir.

NORRÆNT SAMSTARF

Nordic Journal of Human Rights

Nordic Journal of Human Rights, áður Mennesker og Rettigheter, er norrænt tímarit um mannréttindamál, gefið út í Noregi í samstarfi norrænu mannréttindastofnananna. Fræðiritið, sem Torkel Opsahl stofnaði árið 1982 er þverfaglegt; fjallað er um mannréttindamál á breiðum grunni en lögð er áhersla á hágæðafræðigreinar á ensku og Norðurlandamálum. Mannréttindaskrifstofan á fulltrúa í útgáfustjórn og ritstjórn. Ágúst Þór Árnason, er fulltrúi í ritnefnd blaðsins en fulltrúi skrifstofunnar í útgáfuráði er Guðrún D. Guðmundsdóttir.

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknnum

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknnum, sem áður nefndist Norræna rannsóknarnetið, var formlega stofnaður í janúar 2002. Skólanum hefur tekist að festa sig vel í sessi undir ötulli forystu Martins Scheinin, framkvæmdastjóra hjá Abo Akademi stofnuninni. Þar á að kortleggja rannsóknir, sem verið er að vinna að á Norðurlöndum á sviði mannréttinda og koma á fjögurra ára þverfaglegu doktorsnámi sem verði skipulega uppbyggt og strangar kröfur gerðar um vísindaleg vinnubrögð. Sérstök áhersla verður lögð á norræn sjónarmið og norræn verkefni, en einnig alþjóðleg og þá sérstaklega verkefni sem tengja Norðurlönd umheiminum.

Norrænir samráðsfundir um mannréttindamál

Mannréttindaskrifstofan tók þátt í árlegum samráðsfundi norrænna stjórnvalda og mannréttindastofnana og reglulegum samráðsfundum framkvæmdastjóra norrænna mannréttindastofnana. Fundurinn er gjarnan haldinn fyrir fundi mannréttindaráðs Sp en tilgangurinn er að stilla saman strengi fyrir ráðið. Norrænu mannréttindastofnanirnar nýta þessa fundi til að koma áherslumálum sínum á framfæri og reyna að hafa áhrif á, og fræðast um stefnumið stjórnvalda í tilteknum mannréttindamálaflokkum.

Norræn heimsókn - stofnanir Sameinuðu þjóðanna í New York

Framkvæmdastjórar norrænu mannréttindastofnananna fóru í september í námsferð til New York borgar. Markmiðið var að kynna starfsemi stofnana Sp og koma á samstarfi við þær og innlend og alþjóðleg mannréttindasamtök sem hafa höfuðstöðvar í borginni. Framkvæmdastjórnir áttu fundi með fulltrúum UNDP, Lagaskrifstofu Sp., framkvæmdastjóra UNIFEM, Juan Mendez, forseta International Center for Transitional Justice, aðalframkvæmdastjóra Human Rights Watch, Carroll Bogert og Peter Takirambudde, framkvæmdastjóra Afríkudeildarinnar, mannréttindasérfræðingi Ford Foundation, Monette Zard, Michael H. Byowitz, formanni Alþjóðadeildar lögmannafélags Bandaríkjanna og fulltrúum lögmannafélaga New York fylkis. Loks funduðu framkvæmdastjórnir með fulltrúum Norðurlandanna hjá Sp og þáðu hádegisverð hjá sænska sendiherranum, Anders Liden.

The Human Rights Architecture of Europe - A Nordic Symposium

Mannréttindaskrifstofan stóð að norrænni ráðstefnu um framtíð mannréttindakerfis Evrópu, sem fram fór í Osló 29.-30. nóvember, ásamt systurstofnunum sínum á Norðurlöndum. Ráðstefnan fjallaði um framtíð evrópskra mannréttindastofnana í ljósi Grundvallarréttindastofnunar ESB og aukinna umsvifa sambandsins á vettvangi mannréttindaverndar. Margir fremstu mannréttindasérfræðingar álfunnar fluttu erindi. Raymond Johansen frá utanríkisráðuneyti Noregs opnaði ráðstefnuna en síðan fjallaði Geir Ulfstein, framkvæmdastjóri Norsku mannréttindastofnunarinnar um hið evrópska mannréttindakerfi, þarfir þess og mögulegar úrbætur. Martin Scheinin, framkvæmdastjóri Mannréttindastofnunar Åbo-háskóla stýrði

umræðu um Evrópuráðið og mannréttindastofnanir þess, Marc Scheuer, frá skrifstofu Mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins fjallaði um embætti sitt, Asbjörn Eide flutti erindi um Rammasamning Evrópuráðsins um þjóðernisminnihluta og Stein Evju frá Oslóarháskóla talaði um Félagsmálasáttmála Evrópu. Annar hluti ráðstefnunnar fjallaði um framtíð Mannréttindadómstóls Evrópu en honum stýrði framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofunnar, Guðrún D. Guðmundsdóttir. Françoise Hampson, prófessor við Háskólann í Essex, Roland Böcker og Jan Helgesen, prófessor við Oslóarháskóla ræddu framtíð dómstólsins. Evrópusambandið var viðfangsefni þriðja hluta ráðstefnunnar en þar fjölluðu Rick Lawson, prófessor við Háskólann í Leiden, Johanna Suurpa mannréttindasérfræðingur finnska utanríkisráðuneytisins, Ize Brands Kehris, frá Lettnesku mannréttindastofnuninni og Kim Vinthen, frá danska utanríkisráðuneytinu, um ráðið og mannréttindastofnanir þess. Samspil Sameinuðu þjóðanna og evrópska mannréttindakerfisins var yfirskrift fjórða hluta en þar ræddu Morten Kjærum, framkvæmdastjóri Dönsku mannréttindastofnunarinnar og Rachel Brett, frá Sameinuðu þjóðaskrifstofu kvekkara viðfangsefnið. Fimmti hluti fjallaði um Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Guðmundur Alfreðson, framkvæmdastjóri Raoul Wallenberg stofnunarinnar, Krzysztof Drzewicki, frá skrifstofu fulltrúa þjóðernisminnihluta ÖSE, Kristen Mlacak, formaður skrifstofu lýðræðisstofnana og mannréttinda ÖSE og Elinor Hammar-skjöld, frá sænska utanríkisráðuneytinu fluttu þar erindi. Ráðstefnunni lauk með pallborðsumræðum sérfræðinga sem voru afar fróðlegar en ráðstefnan heppnaðist með afbrigðum vel. Í kjölfar ráðstefnunnar verður birt greinarsafn árið 2008.



Hanne Bang, dönsk kosningaefirtirlitskona ásamt túlki og bílstjóra sendinefndarinnar og starfsfólki kjörstaðar 7 í Qarshi, Úzbekistan.

Evrópusambandið

Mannréttindaskrifstofan heldur utan um COST-verkefnið og Evrópusambandsverkefnið *Non-discrimination and diversity training* hér á landi, í samvinnu við Migration Policy Group og European Human Consultancy. Verkefnið felur í sér þjálfun fyrir launþegahreyfinguna og félagasamtök til að auka þekkingu þeirra á tilmælum Evrópusambandsins á sviði fjölmenningar og jafnréttis og íslenski löggjöf gegn mismunun. Haldin verður námsstefna í tengslum við verkefnið í apríl 2008.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

Hinn 27. september 2007 bauð utanríkisráðuneyti Úsbekistans Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) að fylgjast með forsetakosningunum sem boðaðar voru 23. desember 2007. Sendinefnd frá Skrifstofu lýðræðisstofnana og mannréttinda lagði mat á aðstæður í landinu og undirbúning kosninganna og setti fram tillögur um æskilegt fyrirkomulag kosningaefartilitsins. Vegna þess hversu seint sendinefndin fékk vegabréfsáritanir reyndist ómögulegt að skipuleggja allsherjarkosningaeftilit. Jafnframt var það mat ÖSE að vegna „takmarkaðrar samkeppni“ væri ekki þörf á að senda skammtíma eftirlitsfulltrúa og því myndi stofnunin hvorki fylgjast kerfisbundið né heildstætt með framkvæmd kosninganna á kjördag. Niðurstaðan var takmarkað kosningaeftilit (Limited Election Observation Mission), framkvæmt af langtíma eftirlitsfulltrúum og sérfræðingum ÖSE, þó tímaramminn væri þrengri en venjulega; aðeins rúmar tvær vikur.

Hinn 11. desember 2007 hélt framkvæmdastjóri til Tashkent, höfuðborgar Úsbekistans, til að taka þátt í umræddu eftirliti. Alls voru tólf fulltrúar sendir til að fylgjast með kosningunum; frá Norðurlöndum, Bandaríkjunum, Bretlandi, Austurríki, Þýskalandi, Frakklandi, Sviss og Ítalíu, auk níu fastráðinna sérfræðinga ÖSE og innlendra starfsmanna. Allt skipulag og framkvæmd var til fyrirmyndar, þó tækjabúnaður bærist ekki í tæka tíð þar sem tollayfirvöld vildu ekki leysa hann út.

Eftirlitsfulltrúar unnu tveir og tveir saman og var framkvæmdastjóra og Hönnu Bang, dönskum mannfræðiprófessor, úthlutað suðurhéruðunum Kaskhadarya og Surkhandarya, með bækistöðvar í borginni Qarshi.

Þrátt fyrir nokkrar umbætur þá voru í aðdraganda kosninganna ýmis teikn á lofti um ólýðræðisleg vinnubrögð.

Sitjandi forseti hugði á endurkjör þrátt fyrir álitamál um hvort framboð hans og endurkjör samræmdu ákvæðum stjórnarskrár. Kjósendur höfðu í raun ekki úr ólíkum frambjóðendum eða stefnuskrám að velja þar sem kosningabarátta mótframbjóðenda var afar lágstemmd og þau lýstu öll stuðningi við forsetann. Vísbendingar voru um harðræði gegn stjórnarandstöðu og tilmælum ÖSE um umbætur í kjölfar þingkosninganna árið 2004 hefur ekki verið framfylgt. Á kjördag kom í ljós að framkvæmd kosninganna var ekki í samræmi við alþjóðlega viðurkennd viðmið um lýðræðislegar kosningar; hópatkvæðagreiðslur voru tíðar, meðferð kjörseðla ábótavant og kjörsókn var óeðlilega mikil, svo fátt eitt sé nefnt, og starf kjörnefnda við talningu atkvæða og birtingu niðurstaðna var ógagnsætt og vakti grun um kosningasvindl.

Þó kosningarnar hafi ekki verið í samræmi við alþjóðleg viðmið um lýðræði og mannréttindi hafa nokkrar umbætur orðið síðan kosningar fóru síðast fram í Úsbekistan. Enn hefur ekki verið farið að tilmælum ÖSE frá 2004 en ljóst er að kosningaeftilit stofnunarinnar gegnir mikilvægu hlutverki við að viðhalda viðræðum við stjórnvöld og borgaralegt samfélag til þess að unnt sé að koma með tilmæli til stjórnvalda um umbætur á kosningakerfinu í landinu, í samræmi við Kaupmannahafnarreglur ÖSE.

Shafallah skólinn í Doha, Katar.

Í apríl var framkvæmdastjóra Mannréttindaskrifstofu Íslands boðið að taka þátt í ráðstefnu sem Shafallah skólinn í Doha, Katar stóð fyrir.

Ráðstefnan fjallaði um mannréttindi barna með fötlun og var haldin af Shafallah skólanum í Doha. Þetta er í annað sinn sem skólinn stendur fyrir þingi af þessu tagi en viðfangsefnið var að ræða hvernig nota má fjölmiðla til að berjast gegn fordómum í garð fólks með fötlun. Ráðstefnuna sóttu sérfræðingar, kennarar, fjölmiðlafólk og mannréttindafrömuðir alls staðar að úr heiminum og var hún afar áhugaverð. Skólinn sjálfur, Shafallah skólinn, er þó enn áhugaverðari. Hann var stofnsettur fyrir um tíu árum en flutti í fyrri í nýtt húsnæði í útjaðri höfuðborgarinnar Doha. Verndari skólans og einn stofnenda er hans hátign Sheika Mozah Bint Nasser Bin Abdullah Al-Missned, félagsfræðingur og þriðja eiginkona emírsins af Katar.

Shafallah skólinn dregur nafn sitt af eyðimerkurlómi sem blómgastr með sérstökum, smágerðum blómum en nafnið á að gefa til kynna að nemendur skólans eru allir einstakir og geta blómstrað hver á sinn hátt. Skólinn veitir börnum og ungmönnum með sérþarfir, á aldrinum 3-21 árs, og fjölskyldum þeirra heildstæða þjónustu. Skólinn vinnur einnig gegn fordómum og reynir að stuðla að umburðarlyndi í Katar með fræðslu um réttindi og málefni fólks með fötlun.

Starfsfólk skólans kemur alls staðar að úr heiminum og sér börnum fyrir menntun sem skipulögð er út frá þörfum og getu hvers og eins þeirra. Sum barnanna eru í endurhæfingu, öll fá þjónustu geðlækna, sálfræðinga og félagsráðgjafa en skólinn býður t.d. upp á greindarmat og atferlisgreiningu en einnig er þar að finna fullkomna rannsóknastofu á sviði genaransókna.

Hús skólans eru björt og öll nýjasta tækni er til reiðu. Skólinn státar af fimm skynörvunarherbergjum auk fullkomins tölvuvers og allar kennslustofur eru búnar besta fánlega tækjabúnaði. Skólanum er skipt í nokkrar deildir þar sem fram fer kennsla og þjálfun en einnig er skólinn með fullkominn víðmyndabíósal (IMAX) og fjölmiðlaver.

Á ráðstefnunni voru kynnt ýmis alþjóðleg samstarfsverkefni Shafallah skólans, sýndar voru heimildamyndir um börn með sérþarfir en einna áhrifaríkust var samkoma foreldra þar sem þau lýstu viðhorfum í landinu gagnvart fötluðum börnum. Ein mæðranna frá Katar sagði frá fæðingu sonar síns sem er alvarlega hreyfihamlaður en hún fékk ekki að sjá hann fyrr en nokkru eftir fæðinguna því fjölskyldan hafði í hyggju að senda barnið strax á stofnun erlendis og móðirin var hvött til að gleyma honum. Með þrotlausri baráttu tókst móðurinni þó að vinna gegn fordómum

samfélagsins og koma syni sínum, með hjálp Shafallah, inn í almennan skóla þar sem hann eignaðist vini og var tekið sem einum úr hópnum. Hann er nú orðinn hálfgerð þjóðhetja og hefur gerbreytt viðhorfum samfélagsins gagnvart fólki með fötlun.

Hvernig við komum fram við þá sem eru öðuvísi en fjöldinn er mælikvarði á siðmenntun hvernar þjóðar. Á Íslandi örlar stundum á fordómum gagnvart hinum arabíska menningarheimi en við ættum að líta okkur nær og svo e.t.v. fjær, ef svo má segja, þegar kemur að þjónustu og menntun fyrir börn með sérþarfir.

Fréttabréf Lögmannafélags Bandaríkjanna

Í kjölfar fundar með fulltrúum Ameríska lögmannafélagsins í New York borg var heimasíða Mannréttindaskrifstofunnar kynnt í fréttabréfi samtakanna. Þetta er mikill heiður þar sem aðeins er fjallað um áhugaverðar heimasíður í bréfinu en kynningin er afar góð þar sem meðlimir lögmannafélagsins eru um 400.000 bandarískir lögfræðingar.



1. Einn sérfræðinga Shafallah skólans, Rashid Al-Khalifa, segir frá verkefnum og stefnuskrá skólans.

2. Cherie Blair, lögmaður, ávarpar hátíðarfund Shafallah-skólans.